

Lögreglustjóri vanhæfur í nágrannastríði

Héraðsdómur Suðurlands úrskurðaði Lögreglustjórann á Suðurlandi vanhæfan í máli um erjur nágranna í Flóahreppi. Tveir starfsmenn hans tengjast öðrum deiluaðilanum nánum böndum.

DÓMSMÁL Héraðsdómur Suðurlands hefur úrskurðað embætti Lögreglustjórans á Suðurlandi vanhæft til þess að fara með mál gegn Hreggviði Hermannssyni, bónda í Flóahreppi. Embættið gaf í mars á þessu ári út ákæru í fjórum liðum á hendur Hreggviði fyrir eignaspjöll og brot á veg- og umferðarlögum.

Hreggviður var sakaður um að hafa eyðilaggt girðingarstaura og idráttarrör fyrir raflagnir í eigu nágranna sinna. Þá á hann að hafa ítrekað hamlað för hjónanna um vegslóða með því að strengja vír yfir veginn auk þess að hunsa skipanir lögreglu um að stöðva akstur bíls.

Málið er angi af svæsum nágrannaerjum Hreggviðs annars vegar og Ragnars Vals Björgvinssonar og Fríðar Sólveigar Hannesdóttur hins vegar. Þær hafa staðið í tæp fimmtán ár. Taldi héraðsdómur tengsl starfsmanna embættisins við Ragnar Val og Fríði þess valdandi að draga mætti óhlutdrægni í efa.

Tveir af þremur starfsmönnum á ákærusviði embættisins tengjast hjónunum. Dóttir Fríðar er löglaerdur fulltrúi á sviðinu og kollegi hennar tók að sér verkefni sem tengdust erjunum fyrir Ragnar Val er hann starfaði sjálfstætt.

Héraðsdómur vísaði málinu frá dómi og ákvað embættið að áfrýja þeim úrskurði til Landsréttar.

Í harðorðri greinargerð verjanda Hreggviðs, Einar Gauts Steingrímssonar, til Landsréttar ber hann embætti Lögreglustjórans á Suðurlandi þungum sökum. Segir hann Hreggvið hafa verið lagðan í einelti af lögreglunni vegna þessara tengsla svo árum skipti og að áhugi embættisins á honum jaðri við þráhyggju.

Til að styðja þá fullyrðingu hafi Einar Gautur óskað eftir yfirliti um öll atvik sem tengjast Hreggviði hjá

Meðvirkni með lögreglu í samskiptum hennar við borgarana má aldrei vera.

Einar Gautur Steingrímsson



lögreglustjóraembættinu en gripið í tomt. Við munnlegan málflutning í héraði hafi skýringin verið sú að skráningin væri þúsundir síðna.

Þá segir Einar Gautur lögregluna hafa beitt Hreggvið ónauðsynlegu valdi. Hann hafi meðal annars verið handjárnnaður á heimili sínu eftir kvörtun nágrannanna. Hreggviður sé að bugast vegna eineltis lögreglu og nágranna sinna.

„Meðvirkni með lögreglu í samskiptum hennar við borgarana má aldrei vera,“ segir Einar Gautur.

Erjur Hreggviðs og Ragnars Vals og Fríðar hafa oft ratað í fjölmiðla. Hreggviður er fæddur að Langholti 1 í Flóahreppi en Ragnar og Fríður fluttu þangað 1990. Fyrstu fimmtán árin voru ekki árekstrar milli nágrannanna en þá fóru hjónin í mál við Hreggvið út af veiðiréttindum í Hvítá. Hafði Hreggviður betur. Í kjölfarið hefur stríðsástand ríkt og kærur gengið á víxl.

Segja má að hápunktur deilnanna hafi verið er Ragnar Valur var fundinn sekur um að hafa keyrt á Hreggvið 2017. Hlaut hann sex mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm og þurfti að greiða Hreggviði 700 þúsund krónur í bætur. Ragnar Valur áfrýjaði til Landsréttar sem tekur málið fyrir á næsta ári. — bp



Helena Eliasson og systir hennar, Andrea Eliasson, sýndu í gær listsund í innlauginni í Laugar- dal. Þjálfarinn er móðir þeirra, Miwako Eliasson. Helena mun verða fulltrúi Íslands á Heimsmeistaramóti ungmenna og Andrea, sem hér sést, varð í fimmta sæti í hópballt á síðasta aldursmeistaramóti í Japan. Eftir sýninguna máttu gestir taka þátt í æfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Með hugmynd fyrir seríu tvö

KVIKMYNDIR „Við erum þegar með hugmyndir fyrir seríu tvö,“ segir Þórður Pálsson sem fékk hugmyndina að spennuþáttunum Brot eftir útskrift úr kvikmyndaskóla árið 2015.

„Ég kom til Íslands sumarið eftir útskrift og fór á fund hjá framleiðslufyrirtækinu True-north og kynnti þeim hugmyndina,“ segir Þórður. „Mig langar helst til að hefja strax tölur á annarri seríu, þótt ekki væri til annars en að hitta þetta fólk aftur.“

— ilk / sjá síðu 24



Vegagerðin með strætó út á land

SAMGÖNGUR Vegagerðin tekur við öllum landsbyggðarleiðum Strætó. Sveitarfélögin vildu ekki halda rekstrinum áfram því tap er á þessum leiðum.

Fram til þessa hafa landshlutasamtök sveitarfélaganna séð um strætóleiðirnar, greitt verktökum fyrir og Strætó bs. þjónustaði þau. Þetta eru leiðir frá Reykjavík til Hafnar í Hornafirði, Akureyrar, Egilsstaða, Snæfellsness og Hólma-víkur. Vagnarnir eru oft mjög illa nýttir.

Óvist er hvort Vegagerðin heldur áfram samstarfinu við Strætó sem innheimtir um 100 milljónir árlega fyrir þjónustuna.

Óánægja er á landsbyggðinni með skiptimiðakerfið sem sagt er óhagstætt fyrir fólk sem þar býr. — khg / sjá síðu 6

AUSTURBÆR
VIÐBURÐAHÚS
FUNDIR, VEISLUR
TÓNLEIKAR & FL.
3 SALIR
50 - 1.000 GESTIR


Tales from Iceland LUXOR

518 4000 / info@tales.is

OPIÐ ALLAN
SÓLARHRINGINN
YFIR ÁRAMÓTIN
Í ENGIHJALLA OG
STAÐARBERGI
GLEÐILEGT NÝTT ÁR!

Iceland

Veður



Norðan 5-13 m/s í kvöld með snjókomu á norðanverðu landinu, en rofar til sunnanlands. Frost 0 til 6 stig, en frostlaust með suður- og vesturströndinni seinnipartinn.

SJÁ SÍÐU 20



Vilhjálmur Einarsson, fyrrverandi skólameistari. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Vilhjálmur Einarsson látinn

Vilhjálmur Einarsson, einn fræknaasti íþróttamaður Íslands, lést á laugardag, 85 ára að aldri.

Vilhjálmur fæddist 5. júní 1934 að Hafranesi við Reyðarfjörð. Foreldrar hans voru Sigríður Vilhjálmsdóttir frá Hánefsstöðum á Seyðisfirði og Einar Stefánsson frá Mýrum í Skriðdal.

Vilhjálmur setti Norðurlandmet í þristökki, 15,83 metra, rétt áður en velja átti íslenska keppendur á Ólympíuleikana í Melbourne í Ástralíu árið 1956. Í þristökkskeppninni þar setti Vilhjálmur ólympíumet með 16,26 metra stökki. Tveimur tímum síðar bætti Brasilíumaðurinn Ferreira Da Silva metið með 16,35 metra stökki. Vilhjálmur fékk því silfurverðlaun og varð fyrsti Íslendingurinn til að komast á verðlaunapall á ÓL.

Vilhjálmur varð í þriðja sæti á Evrópumeistaramóti í Stokkhólmi árið 1958. Á ÓL í Róm 1960 stökk hann lengst 16,37 og lenti í 5. sæti.

Vilhjálmur var skólastjóri Héraðsskólans í Reykholti 1965-1979 og skólameistari Menntaskólans á Egilsstöðum frá upphafi skólans 1979 til ársins 2001.

Eftirlifandi eiginkona Vilhjálms hans er Gerður Unndórsdóttir. Saman áttu þau sex syni.

Vilhjálmur Einarsson var fimm sinnum útnefndur íþróttamaður ársins, 1956, 1957, 1958, 1960 og 1961.

Æsast þá leikar



Ös var á sölustað Hjálparveitar skáta í Reykjavík við Malarhöfða í gær. Aðeins má bjóða flugelda í smásölu frá og með 28. desember fram á þrettánda dag jóla. Sala á skoteldum til yngri en tólf ára er bönnuð. „Öll meðferð barna á þeim skal vera undir eftirliti fulloröðinna. Einnig er bannað að selja eða afhenda skotelda barni undir 16 ára aldri sé þess getið í leiðbeiningum með skoteldum,“ segir á síðu slökkviliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Komugjöld á heilsugæslu lækka 2020

HEILBRIGÐISMÁL Um áramótin munu komugjöld á heilsugæslu um allt land lækka úr 1.200 krónum í 700. Stefnt er að því að leggja gjöldin af árið 2021. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra kynnti á dögnum áform um lækkan greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðisþjónustu.

Aukin framlög ríkisins vegna þessa nema 135 milljónum króna á næsta ári. Áformað er að fella komugjöld í heilsugæslu á dagvinnutíma niður að fullu árið 2021 og er áætlaður kostnaður vegna þess um 350 milljónir króna. Líkt og verið hefur greiða börn, aldraðir og öryrkjar ekki komugjöld á heilsugæslu.

Svandís sagði hlutfall kostnaðar sem komi úr vasa einstaklingsins á Íslandi vera hærra en þau viðmið sem Alþjóðaheilbrigðisstofnun setur. – ds

Enda framkvæmdaár með áramótabruggi

Sveinn Sigurðsson, einn af eigendum Smiðjunnar brugghúss, og fjölskylda hans hafa átt viðburðaríkt ár. Þau byrjuðu að brugga sinn eigin bjór í Vík og eru nú með 13 ársverk. Þau enda árið með einni áramótabombu.

ÍÐNAÐUR Ein af áramótabombunum í ár er bjórinn Stjórnuljós, afrakstur samstarfs brugghúsanna Smiðjunnar og Borgar.

Sveinn Sigurðsson, einn eigenda Smiðjunnar, segist ákaflega stoltur af því að hafa fengið tækifæri til að brugga með Borg. Smiðjan hóf að brugga sinn eigin bjór fyrir um ári.


Smiðjan er í Vík í Mýrdal. Sveinn segir um 95 prósent gesta vera erlenda ferðamenn sem margir hafi fylgst með framkvæmdum Sveins og fjölskyldu á samfélagsmiðlum og þekki því hvern krók og kima.

„Árið er búið að vera skemmtilega klikkað og það er ekkert leiðinlegt að enda það á þessum nótum,“ segir Sigurður en veitingastaðurinn var opnaður árið 2017.

Frá því að dyrnar voru opnaðar á Smiðjuni hefur verið mikið að gera Starfsmennirnir eru orðnir þrettán og sá fjórtándi á leiðinni. Sveinn ræð föður sinn sem þúsundþjalasmið.

„Það hefur verið vöntun á húsnæði hérna og fyrstu sex starfsmennirnir sem við réðum höfðu aldrei unnið á veitingahúsi en þeir voru með húsnæði hér. Þannig að það var ráðist í að kaupa starfsmannahús sem við tókum í gegn. Svo gerði ég íbúð í bílskúrnun á nokkrum vikum. Við vorum svo sjálf að kaupa okkur hús hér í Vík,“ segir Sveinn.

Að sögn Sveins hefur hann þurft



Mannskapurinn í Smiðjuni Brugghúsi í Vík við bjórkatla fyrirtækisins.

að gúgla sig fram úr alls konar vandamálum því að í Vík sé vöntun á iðnaðarmönnum.

„Ég er markaðsfræðimenntaður og hef reyndar lítið verið að sinna því en það vonandi kemur á næsta ári,“ segir Sveinn sem skrifaði BS-ritgerð sína um handverksbrugghús. Hann tók meðal annars viðtal við Árna Theódór Long, sem er bruggari hjá Borg og einn sá færasti í bransanum hér á landi.

„Ég náði að láta öll mín verkefni í skólanum snúast um handverksbjóra því þessi kúltur er eitthvað svo fallegur og spennandi. Það er eitthvað svo fallegt að öll þessi brugg-

hús séu saman að búa til vöru en séu samt í samkeppni. Við ætluðum upphaflega að gera sumarbjór saman en við höfðum einfaldlega ekki tíma til að hittast, það var svo mikið að gera,“ útskýrir Sveinn.

„Þannig að áramótabjór var það, með björtum sitrustönnum í bland við sindrandi apríkósar og ferskjur sem ætti að geta lýst upp áramótanaturhimininn. Það er búið að vera gaman að vinna með þessum snillingum. Ég er mikið björnörð og er búinn að fylgjast með þeim öllum í mörg ár. Þetta var ekkert nema dásamlegt.“

benediktboas@frettabladid.is

Byrjar á fallegum gull og silfurpálmum og fer síðan í gullstjörnur með brakandi silfri. Breytist yfir í rauðar stjörnur og endar með silfurbraki.

49	skot
39	SEK
4	
5	
4	kg


Þú færð Gissur hvíta á næsta flugeldamarkaði björgunarsveitanna

+PLÚS



Gestir spreyta sig í listsundi

Systurnar Helena og Andrea Eliasson sýndu í gær listsund í Laugardal. Eftir sýningu systranna máttu áhugasamir gestir taka þátt í æfingu í lauginni.





TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

KLESST'ANN

EKKI BÍLINN SAMT



FYLGSTU MEÐ Á MORGUN

TOYOTA _____

Lögreglan sögð hafa verið á gráu svæði með handtöku lektors

LÖGREGLUMÁL Lögmenn lýsa efasemdum um verklag lögreglunnar er hún handtók Kristján Gunnar Valdimarsson lektor í gær um leið og gæsluvarðhaldstíma yfir honum lauk án þess að dómari hefði tekið afstöðu til kröfu um að hann sæti áfram í varðhaldi.

Dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur tók í gær sólarhringsfrest til að ákveða hvort fallist verið á fjögurra vikna gæsluvarðhald yfir Kristjáni. Sagði Karl Steinar Valsson yfirlög-

regluþjónn Kristján handtekinn á grundvelli fyrirmæla frá ríkissaksóknara frá 2018.

„Þessi framganga er í raun fráleit í lagalegu tilliti. Með þessum sömu veikni röksemdum gæti lögreglan frelsissvipt einstaklinga út í það óendanlega með því einu að handtaka þá aftur og aftur,“ segir Páll Rúnar M. Kristjánsson hæstaréttarlögmaður.

Borgils Þorgilsson lögmaður bendir á að fyrirmæli ríkissaksóknara



Við héraðsdóm. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

séu ekki lög. Lagaheimild þurfi til að frelsissvipta menn. Borgils var verjandi Sindra Þórs Stefánssonar sem yfirgaf fangelsið Sogn meðan dómari tók sér frest til að taka afstöðu til kröfu um framlengingu varðhalds.


Haldóra Þorsteinsdóttir, lektor í lögfræði við HR, segir að lögreglan hefði þurft að færa Kristján fyrir dómara fyrr en raun bar vitni.

„Meginmarkmiðið með fyrir-mælunum sem lögreglan vísar til er einmitt að árétta mikilvægi þess að

lögreglan leiði menn fyrir dómara áður en sólarhringsfrestur liður ef það á að fara fram á áframhaldandi gæsluvarðhald, til þess að þessi staða komi ekki upp,“ segir Haldóra. „Þetta er flókið og á mjög gráu svæði.“ – oæg

FRÉTTABLAÐIÐ

Meira á frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

1 Íbúi á Aragötu óttast Kristján: „Þú veist ekkert hvað hann gerir næst“ Kristján Gunnar Valdimarsson, lektor við laga-deild HÍ, situr nú í gæsluvarðhaldi grunaður um kynferðisbrot og frelsissviptingu.

2 Jennifer Aniston og Brad Pitt elska og treysta hvort öðru á ný Sambandið á milli leikaranna Jennifer Aniston og Brads Pitt hefur aldrei verið betra.

3 Zac Efron flogið á spítala í lífshættulegu ástandi Zac Efron er talinn hafa verið í bráðri lífshættu rétt fyrir jól þegar hann fékk hættulega bakteríusýkingu í Papúa Nýju-Gíneu.

4 Skemmdarverk unnið á bil Kristjáns: „Perri“ Rispa var gerð á bil fyrir utan heimili Kristjáns Gunnars Valdimarssonar við Aragötu.

5 Hertogahjónin fengu ekki borð á kanadískum veitingastað Hertogahjónin af Sussex sem nú eru í Kanada þurftu frá að hverfa á veitingastað í Norður-Saanich því ekki var unnt að uppfylla öryggiskröfur á staðnum.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is


Vegagerðin tekur um áramót yfir landsbyggðarleiðir Strætó

Vegagerðin mun um áramóttin taka við öllum landsbyggðarleiðum Strætó en fyrir ári tók hún ábyrgð á leiðunum um Suðurnes. Sveitarfélögin vildu ekki halda rekstrinum áfram þar sem tap hefur verið á þessum leiðum.

SAMGÖNGUMÁL Vegagerðin mun um áramót taka við öllum landsbyggðarleiðum Strætó. Sveitarfélögin vildu ekki halda rekstrinum áfram enda tap á leiðunum. Búist er við því að Vegagerðin bjóði leiðirnar út á næsta ári en óvíst er hvort samstarfið við Strætó heldur áfram. Fyrirkomulagið hefur hingað til verið þannig að landshlutasamtök sveitarfélaganna sáu um leiðirnar, greiddu verktökum fyrir og Strætó bs. þjónustaði þau. Landshlutasamtökin vildu hvorki halda rekstrinum áfram ein né stofna sérstakt félag með Vegagerðinni. Nú tekur því Vegagerðin við hlutverki allra landshlutasamtakanna.

Um er að ræða leiðir frá Reykjavík til Hafnar í Hornafirði, Akureyrar, Egilsstaða, Snæfellsness og Hólmavíkur. Vagnarnir eru oft mjög illa nýttir, sérstaklega á Vesturlandi og Vestfjörðum. Fyrir tæpu ári tók Vegagerðin yfir leiðina frá Reykjavík til Keflavíkurflugvallar og leiðir á Suðurnesjum af Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er óvíst hvort Vegagerðin heldur áfram samstarfinu við Strætó, en Strætó innheimtir um



Sveitarfélögin vildu hvorki halda rekstri landsbyggðarstrætó áfram ein né með Vegagerðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fólki finnst þetta dýrt sums staðar.

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó

100 milljónir árlega fyrir þjónustuna, sem meðal annars inniheldur leiðakerfið og talstöð. Þá er óánægja á landsbyggðinni með skiptimiðakerfið sem sé óhagstætt fyrir fólkið

þar og misræmi á verðum milli sömu leiða, til dæmis leiða 15 og 57 sem fara báðar frá Reykjavík upp í Mosfellsbæ.

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, segir að hlutverk Strætó sé óbreytt og hann hafi fullvissu um að svo verði út næsta ár. Því til stuðnings vísar hann til stefnu ríkisins í almenningssamgöngum, Ferðumst saman, sem gefin var út í febrúar á síðasta ári. Segir hann verða unnið eftir henni á næsta ári.

„Allur akstur var boðinn út af

landshlutasamtökunum og ég geri ráð fyrir að Vegagerðin haldi því fyrirkomulagi áfram,“ segir Jóhannes. Hópbílar í Hafnarfirði sjá nú um mestan landsbyggðaraksturinn.

Jóhannes segist hins vegar ekki vita hvort skiptimiðakerfi landsbyggðarinnar haldi áfram. „Fólki finnst þetta dýrt sums staðar. Það er þá væntanlega eitthvað sem verður skodað hjá Vegagerðinni í leiðinni, hvort möguleiki sé að endurskoða gjaldskrá. En það er engin formleg vinna hafin við það,“ segir hann.

kristinnhaukur@frettabladid.is

jeep.is

Í tilefni af þriggja ára afmæli Jeep umboðsins á Íslandi bjóðum við Jeep Compass Limited hlöðnum lúxusbúnaði á ótrúlegu tilboðsverði

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

JEEP® COMPASS LIMITED

- Leðurinnrétting með rafdrifnum sætum
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Rafdrifin opnun á afturhlera
- Hiti í stýri og framsættum
- Íslenskt leiðsögukerfi
- 8,4" upplýsinga- og snertiskjár
- Alpine hljómfletningstæki með bassaboxi
- Sjálfvirk tveggja svæða miðstöð með loftkælingu
- Aðfellanlegir og upphitaðir hliðarspeglar
- Bluetooth til að streyma tónlist og síma
- Svart þak
- 140 hð. diesel, 9 gíra sjálfskipting
- Select-Terrain fjórhjóladrif með 4 drifstillingum
- Bakkmyndavél
- Fjarlægðaskynjarar að framan og aftan
- Arekstrarvari
- LED dagljós og LED afturljós
- 18" álfelgur
- Blindhorns- og akreinavari
- Fjarlægðarstilltur hraðastillir
- Leggur sjálfur í staði

FULLT VERÐ MEÐ AUKAHLUTUM: 7.424.000 KR. - TILBOÐ: 5.990.000 KR.

AFMÆLISTILBOÐ
5.990.000 KR.
— TAKMARKAD MAGN —



ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

KRÓNAN

OPIÐ
Í DAG
9-22

OPIÐ 9-20 á Hvolsvelli,
Reyðarfirði, Vestmannaeyjum
og Þorlákshöfn.

OPIÐ
GAMLÁRSDAG
9-16



Afgreiðslutímar á www.kronan.is



Nýr hæstaréttardómari ásamt dómsmálaráðherra. MYND/STJR.IS

Dómara afhent skipunarbréf

DÓMSTÓLAR Ingveldur Einarsdóttir fékk í gær afhent skipunarbréf í embætti hæstaréttardómara.

Skipunarbréfið var afhent eftir að forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, féllst á tillögu Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur dómsmálaráðherra um skipan Ingveldar í dómaraembættið að því er fram kemur á vefstjórnarráðsins.

„Dómnafnd um hæfni umsækjenda mat þrjá umsækjendur hæfsta til embættisins og var Ingveldur einn þeirra,“ segir í tilkynningu. –gar



Kórinn Kliður.

Hljóðritun í Fríkirkjunni

MENNING Kórinn Kliður mun í kvöld taka upp fyrstu hljóðplötu sína á tónleikum í Fríkirkjunni. „Markmiðið er að fanga ekki bara söng kórsins, heldur ekki síður andrúmsloft áramótanna þar sem einu ári lýkur og annað hefst,“ segir í tilkynningu frá Klið sem býður fólki að mæta og taka þátt í gerð plötunnar

„Kórinn er skipaður vinum og kunningjum, tónlistarmönnum, rithöfundum, myndlistarfólki úr Reykjavík og hefur þá sérstöðu að efnisskráin samanstendur einvörðungu af nýrri, frumsaminni kórtónlist eftir kórmeðlimi sjálfa,“ segir í tilkynningunni. „Á tónleikunum verður efnisskrá síðustu tveggja ára kvöld til að rýma fyrir nýjum vörum, nýjum lögum, nýjum tímum.“ –gar

Neysla heróíns í Evrópu ekki að skila sér hingað til Íslands

Mikið magn harðra fíkniefna er flutt til Evrópu frá Suður-Ameríku. Framboð kókains í Evrópu skilar sér til Íslands og neysla þess eykst í góðærinu. Heróín nær ekki fótfestu vegna framboðs annarra efna. Margir hópar standa að innflutningi. Íslenskir hópar eru mest áberandi segir lögreglan.

LÖGREGLUMÁL Aukin neysla, aukin aðgengi efna í Evrópu og gott starf lögreglu og tollgæslu eru ástæður þeirrar miklu aukningar sem orðið hefur í haldlagningu harðra fíkniefna á undanföllum misserum að mati Karls Steinars Valssonar, yfirlögregluþjóns hjá lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu.

„Ég vil meina að þetta sé blanda; annars vegar er greinilega aukin neysla. Hún fylgir að einhverju leyti efnahagsástandinu og velmeguninni. Aðgengi að kókaini í Evrópu hefur aukist vegna mikils magns sem flutt er frá Suður-Ameríku og það er að skila sér til Íslands líka,“ segir Karl Steinar. Hann nefnir dæmi um haldlagningu efna í tonnatali sem tekin hafi verið úr kafbátum og skútum þar syðra. Aðferðirnar og magnið sýni mikil fjárráð þeirra sem standi að flutningi þessara efna.

„Það sem við erum að sjá hér er algjörlega í takt við það sem er að gerast í Evrópu.“


Karl Steinar segir að hins vegar verði ekki horft fram hjá auknum árangri löggæslufirvalda sem hafi einnig áhrif á hve mikið er haldlagt af sterkum efnunum hér.

„Ég vil meina að lögregla og tollgæsla séu með puttann betur á púlsinum núna en verið hefur í talsvert langan tíma. Við þökkum það meðal annars aukinni samvinnu við erlend lögreglufirvalda sem byggð hefur verið upp á undanföllum árum,“ segir Karl Steinar. Hann segir hluta af þessum haldlögðum efnunum hafa verið tekin erlendis og flutt hingað til haldlagningar. Að auki hafi verið haldlögð erlendis efni sem komi aldrei hingað en hafi íslenska tengingu.



Grimur Grímsson gegnir nú stöðu hjá Europol á vegum íslensku lögreglunnar. Karl Steinar Valsson gegndi þeirri stöðu áður en fer nú fyrir miðlægu deildinni hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Magn kókains og amfetamíns sem hald var lagt á 2008-2019



Á linuritið vantar gögn um amfetamínbasea en rúmlega 8 lítrar af efninu voru haldlagðir fyrir á árinu.

Landslagið í þessari brotastarfsemi hefur breyst mikið hér á landi frá því sem áður þekktist. Bæði eru mun fleiri í innflutningi en áður þegar um fámennan hóp var að ræða. Þjóðerni brotamanna er einnig fjölbreyttara en áður. „Við höfum þó verið að vekja athygli á því að íslensku hóparnir eru

mest áberandi,“ segir Karl Steinar. Aðspurður segir hann hluta þessara hópa skipuleggja alla leiðina sjálfa. Þeir hafi þann möguleika að geta keypt efni beint frá Suður-Ameríku, meðan aðrir útvega efnin frá Evrópu; mest frá Hollandi, Spáni og Portúgal, eftir að þau eru þangað komin.

Kannabísraektun hefur verið með miklum blóma hér á landi og einnig einhver framleiðsla á amfetamíni. Þótt orðrómur hafi verið um útflutning efna frá Íslandi segir Karl Steinar lögregluna ekki hafa orðið vara við skipulagðan útflutning hédan. „Við vitum af áformum manna um þennan útflutning en það er ekki verið að haldleggja efni erlendis sem rakin eru hingað.“ Kannabísraektun sé víðtæk og mikil í flestum Evrópulöndum og markaðurinn líklega mettaður.

Karl Steinar lætur þess þó getið að Ísland hafi verið stoppistöð fyrir efni sem fara til Grænlands og að einhverju leyti til Færeyja.

Það skila sér þó ekki öll Evrópu-trend til Íslands. Auk kókains hefur flutningur heróíns frá Suður-Ameríku til ríkja Suður-Evrópu einnig aukist mikið. Þótt hörðu efnin, sem hingað eru flutt komi sömu leið, er heróín ekki þar á meðal.

Karl Steinar telur ástæðuna vera að ekki hafi verið eftirspurn eftir því. „Ég hugsa að neytendahópurinn á Íslandi hafi greiðari aðgang að öðrum efnunum þannig að menn hafa ekki talið að það væri markaður fyrir það.“

adalheidur@frettabladid.is

Hert viðurlög og hærri sektir á nýju ári

UMFERÐ Um áramótin verða miklar hækkanir á sektum vegna umferðarlagabrotu og viðurlög hert.

Að því er fram kemur í tilkynningu á veg stjórnarráðsins hækka sekt fyrir að aka gegn rauðu ljósi úr þrjátíu þúsund krónum í fimmtíu þúsund.

Mælist vinandamagn í blóði á bilinu 1,20-1,50‰, eða 0,60-0,75 mg/l útöndunarlofti, verður viðkomandi sviptur ökuréttindum í átján mánuði í stað eins árs áður. Sektin fyrir slíkt brot verður óbreytt 180 þúsund krónur. Þá er nýtt þrep í töflunni sem miðar við vinandamagn í blóði sé 2,01-2,50‰ eða útöndunarlofti 1,01-1,25 mg/l. Fyrir þetta kemur svipting ökuréttinda í þrjú ár og 240 þúsund króna sekt.

Efstá þrep hefur verið 2,01‰ eða meira og svipting ökuréttinda fyrir það var tvö ár og sektin 210 þúsund krónur. En nýtt efsta þrep miðar við vinandamagn í blóði sé 2,51‰ eða meira eða 1,26 mg/l eða meira



Með nýrri reglugerð hækka sektir fyrir ýmis brot. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

í útöndunarlofti. Fyrir það verða menn sviptir ökuréttindum í þrjú og hálf ár og krafðir um 270 þúsund krónur í sekt. Metamfetamíni hefur verið bætt við töflu fyrir viðurlög vegna aksturs undir áhrifum fíkniefna.

Þá er ýmsar breytingar vegna

brota á aksturs- og hvíldartíma. Til dæmis hækka sektir fyrir að vanrækja að tryggja varðveislu upplýsinga úr ökurita og af öikumannskorti úr 20 þúsund til 50 þúsund krónum í 80 til 300 þúsund krónur. Verða sektir fyrir slík brot því allt að sexfalt hærri en nú er. –gar

80 skot
21 SEK
4 ...
5 ...
13 kg

Flugeldaveisla í einum kassa!

Þú færð Kóku ársins á næsta flugeldamarkaði björgunarsveitanna

UMFERÐISVÉNNI FLUGELDAR



Skjótum rótum

Rótarskot er leið til að styrkja öflugt og mikilvægt sjálfbodastarf björgunarsveitanna.

Rótarskot gefur af sér tré sem er gróðursett í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands og fjölmargar deildir þess um land allt.

Tökum höndum saman og skjótum rötum.



SKÓGRÆKTARFÉLAG
ÍSLANDS



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Allur ágóði af sölu Rótarskotanna
rennur til björgunarsveitanna.

Gleðilegt ár!

ERLENDUR FRÉTTAANNÁLL



Trump Bandaríkjaforseti dró herlið sitt burt frá héruðum Kúrda í norðurhluta Sýrlands. Tyrkir réðust á Kúrda í kjölfarið. NORDICPHOTOS/AFP



Heimurinn horfði á þegar eldur eyðilagði þak og innviði Notre Dame-dómkirkjunnar í París, eins helsta kennileitis borgarinnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Heimurinn í ár

Donald Trump Bandaríkjaforseti, Brexit, viðskiptastríð, hamfarir, ofbeldi og órói settu einna helst svip sinn á árið sem er að líða. Líkt og áður voru kosningar víða sem sumar komu á óvart.

Árið 2019 er senn á enda og nýtt tekur við. Ef lítið er yfir þær erlendu fréttir sem settu svip sinn á árinu voru Donald Trump, viðskiptastríð hans og Brexit fyrirferðarmikið. Ýmsar kosningar, ofbeldi og fjöldamótmæli settu sterkan svip á fréttir ársins. Þá voru loftslagsmál voru í brennidepli auk norðurslóða.

Sterk mótmælaalda í Hong Kong á árinu

Mikil mótmæli hafa verið í Hong Kong síðastliðið hálf ár. Upphaf þeirra lá í tilraunum stjórnvalda til að auðvelda framsal á íbúum Hong Kong til meginlands Kína. Borgin nýtur sjálfstjórnar innan Kína og eru íbúar þar mun frjálsari. Óttuðust menn að andósmönnum sem eru frjálsir í Hong Kong yrði vísað til meginlandsins. Milljónir mótmæltu á götum úti og til átaka kom á milli lögreglu og mótmælenda. Síðar hafa mótmælin þróast í að verja frelsi og lýðræði borgarinnar. Ríkisstjórnin í Peking, sem efndi til mikilla hátíðarhalda í október í tilefni 70 ára stjórnar kommúnista, hefur ítrekað varað mótmælendur í Hong Kong við að ganga of langt.

Mótmæli víðar um heim

Mótmæli voru gegn einræði víðar. Þannig leiddu mótmæli til þess að Omar al-Bashir var komið frá völdum í Súdan og til afsagnar Evo Morales í Bólívíu eftir mjög umdeildar kosningar þar í landi. Fjöldmenn mótmæli neyddu stjórnvöld í Ekvador til áframhaldandi niðurgreiðslna á eldsneyti og forseti Chile varð að lofa nýrri stjórnarskrá. Abdelaziz Bouteflika, leiðtogi Alsírs, sagði af sér í kjölfar mótmæla og Adel Abdul-Mahdi, forsætisráðherra Íraks, einnig. Hundruð féllu í sterkri mótmælaöldu í Íran.

Mótmæli vegna loftslagsmála

Loftslagsmótmæli og skólaverkföll voru í mörgum borgum veraldar. Fyrirmynd yngra fólksins í baráttu í loftslagsmálum var hin sextán ára sænska stúlka, Greta Thunberg, sem hóf skólaverkfall á síðasta ári til að þrýsta á aðgerðir gegn útblæstri koltvísýrings. Á árinu fór hún víða til að vekja athygli á loftslagsbreytingum. Sigldi á seglbáti til New York þar sem hún hélt þrumuræðu yfir þjóðarleiðtogum á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og sagði þá hafa stolið draumum hennar og æsku með innantómum orðum á meðan fólk þjáist og deyi. Þaðan sigldi hún til Spánar þar sem loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna var haldin í Madríd og sagði allsherjarverkföll nemenda að hennar fordæmi ekki hafa borið árangur. Ungi loftslagsaðgerðasinninn afþakkaði umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs en varð mánneskja ársins hjá timaritinu Time.

Dómkirkja brennur

Heimurinn horfði á með skelfingu í apríl þegar eldur eyðilagði þak og innviði Notre Dame-dómkirkjunnar í París, eins helsta kennileitis borgarinnar. Mikil umræða varð um endurbætur hinnar gotnesku kirkju sem reist var á árunum 1163 til 1345. Forsetinn Emmanuel Macron hefur lofað að endurbótum verði lokið innan fimm ára. Undir lok árs komu þó fram efasemdir um að hægt væri að bjarga kirkjunni með góðu móti.

Viðskiptastríð Kína og Bandaríkjanna

Viðskiptastríð milli Bandaríkjanna og Kína hélt áfram og var fyrirferðarmikið í heimsfréttum. Báðir aðilar skelltu reglubundið á nýjum tollum. En í desember var aðeins dregið í



Ungi loftslagsaðgerðasinninn Greta Thunberg var mikið í fréttum á árinu. Hún sagði þjóðarleiðtoga hafa stolið draumum hennar og æsku með innantómum orðum á meðan fólk þjáist og deyi. NORDICPHOTOS/GETTY



Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir að viðskiptastríð Bandaríkjanna og Kína kunnir að hafa kostað hagkerfi heims 700 milljarða dala. NORDICPHOTOS/GETTY



Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, tókst ekki að mynda starfhæfa stjórn eftir tvennar þingkosningar. Koskið verður á nýju ári. NORDICPHOTOS/GETTY

land. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir að viðskiptadeilurnar kunnir að hafa kostað hagkerfi heimsins 700 milljarða dala. Bandaríkin settu meðal annars þvinganir á sölu tækni til Huawei, kínversks framleiðanda fjarskiptabúnaðar.

Viðvaranir um að hagkerfi heimsins væru að hægja á sér urðu til þess að Seðlabanki Bandaríkjanna lækkaði vexti í fyrsta sinn síðan 2008. Tvær vaxtalækkanir fylgdu í kjölfarið. Trump deildi opinberlega á bankann fyrir að lækka ekki vextina frekar og sagði seðlabanka-

stjórnann eins og „þrjúskt barn“.

Mannabreytingar í Evrópu

Seðlabanki Evrópu reyndi að örva stöðnuð hagkerfi álfunnar. Eitt síðustu verka Mario Draghi sem forseta Seðlabankans áður Christine Lagarde tók við völdum, var að hefja endurskoðun peningastefnunnar.

Jean-Claude Juncker lét af störfum forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og við tók Ursula von der Leyen, nán samstarfskona Angelu Merkel, kanslara Þýskalands.

Tyrkir ráðast á sýrlenska Kúrda

Eftir að Trump Bandaríkjaforseti dró herlið sitt burt, réðust Tyrkir inn í héröð Kúrda í norðurhluta Sýrlands en Kúrdar hafa verið bandamenn Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins gegn Íslamska ríkinu. Forseti Tyrklands, Recep Erdogan, vildi koma upp öryggisvæði á landamærum ríkjanna og koma Sýrlenskum flóttamönnum í Tyrklandi fyrir á svæðinu. Tyrkir segja sýrlensku Kúrdana vera hryðjuverkamenn sem styðji Verkamannaflokk Kúrda sem hefur staðið í átökum gegn Tyrkjum í áratugi.

Í aðdraganda innrásarinnar hörfuðu Bandaríkjamenn úr héraðinu, að skipan Trump forseta. Kom ákvörðun hans forsvarsmönnum herafra Bandaríkjanna verulega á óvart. Var ákvörðunin um brottflutninginn fordæmd víða um heim.

Þá batt Bandaríkjaforseti einhliða enda á friðarviðræður við talíbana í Afganistan. Afganskir samningamenn eiga í erfiðleikum með að koma þeim aftur að borðinu.

Trump staðfesti í október að morðinginn Abu Bakr al-Baghdadi, leiðtogi hryðjuverkasamtakanna sem kenna sig við Íslamskt ríki, hefði sprengt sig í loft upp þegar bandarískir sérveitarmenn réðust inn á heimili hans í Sýrlandi.

Enn kosið í Ísrael

Ísraelar héldu kosningar í apríl og aftur í september. Þar tókust á stærstu flokkar landsins, hið Bláhvíta bandalag hershöfðingjans Benny Gantz og Likud-bandalag Benjamins Netanyahu forsætisráðherra.

Netanyahu, sem hefur gegnt embætti forsætisráðherra síðan 2009, tókst ekki að mynda starfhæfa stjórn eftir þingkosningar. Gantz ekki heldur og því verða þriðju kosningarnar á innan við ári haldnar í mars á næsta ári.

Netanyahu naut stuðnings Bandaríkjanna þegar fullveldi Ísraelsríkis yfir Gólanhæðum var viðurkennt og landnemabyggðir á Vesturbakkanum lýstar lögmatar.

Í nóvember var forsætisráðherrann svo ákærður fyrir mútugreiðslur og svik.

ÁRAMÓTA BOMBA

25%
afsláttur

*af öllum snyrtivörum
27. desember - 1. janúar*

HAGKAUP

Snyrtivara

ERLENDUR FRÉTTAANNÁLL

Stjórnmalakreppa Ítalíu

Eftir stjórnmalakreppu á Ítalíu tilkynnti Matteo Salvini, leiðtogi þjóðernisflokksins Norðurbandalagsins í ágúst um stjórnarslit við Fimmstjörnuhreyfinguna og boðaði kosningar. En í stað kosninga myndaði Fimmstjörnuhreyfingin nýja ríkisstjórn með jafnaðarmönnum í Demókrataflokknum og Salvini var hent út úr stjórninni.

Þetta hefur þjappað þremur flokkum ítalskra hægrímanna til samstarfs; Bandalaginu undir stjórn Matteo Salvini, Forza Italia undir forystu Silvio Berlusconi og öfgahægriflokknum Ítalska bræðralaginu undir stjórn Giorgíu Meloni.

Viðar kosningar

Það voru kosningar viðar. Í fyrstu kosningum í Tailandi frá valdarárinu árið 2014 tókst stjórnmalaflokkum hlyntum hernum rétt að ná meirihluta, með aðstoð dómstóla. Á Spáni voru tvennar kosningar og eru sósíalistar áfram stærsti flokkurinn á spænska þinginu undir forystu Pedro Sanchez. Fylgi Lýðflokks hægrímanna jókst verulega og öfgahægriflokkurinn Vox bætti við sig miklu fylgi.

Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands og forystumaður Bharatiya Janata-flokksins, hins hægrísinnaða þjóðernisflokks hindúa, vann kosningar og situr annað kjörtímabil. Joko Widodo tryggði sér fimm ár til viðbótar sem forseti Indónesíu. Afríska þjóðarráðið vann þingkosningar í Suður-Afríku, þrátt fyrir að hlutur flokksins hefði minnkað verulega. Frjálslyndi flokkurinn undir forystu Scotts Morrison, forsætisráðherra Ástralíu, hélt síðan velli í kosningum þrátt fyrir slæmar skoðanakannanir.

Forsetakosningar í Argentínu komu Peronistum til valda þegar Alberto Fernández sigraði Mauricio Macri. Fyrirverandi forseti landsins, hin umdeilda, Cristina Fernández de Kirchner, varð varforseti.

Frjálslyndir vinstrímenn undir forystu Justins Trudeau voru aftur kosnir til valda í Kanada, en eru með minnihlutastjórn í kjölfar pólitískra hneyksli mála.

Ný ríkisstjórn jafnaðarmanna, undir forsæti Mette Frederiksen, tók við völdum í Danmörku eftir kosningar í júní. Jafnaðarmenn eru einir í stjórn en njóta stuðnings Radikale Venstre, Sósíalíska þjóðarflokksins og Einingarlistans.

Boeing í mikilli kreppu

Árið var erfitt fyrir flugvélaframleiðandann Boeing. Eftir alvarleg flugslys í mars vegna bilunar í sjálfstýringarhugbúnaði hinna glænýju Boeing 737 MAX 8. Því settu flugmálayfirvöld víða um heim flugbann á vélarnar, uns fullvissa væri fengin fyrir öryggi þeirra. Sex mánuðum síðar tilkynnti Boeing að framleiðslu yrði hætt. Enn gildir flugbann MAX-vélanna. Hefur það haft viðtæk áhrif, meðal annars á rekstur Icelandair. Forstjóri Boeing var síðan rekinn í desember með milljarða starfslokasamning.

Boeing var einnig í fréttum í lok árs þegar Starliner, geimfari fyrirtækisins, mistókst að fljúga til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar, og var snúið aftur til jarðar. Geimfarið reyndist brenna meira eldsneyti en ætlað var og missti af sporbrautinni.

Grænland ekki til sölu

Athygli heimsins beindist að Grænlandi í ágúst þegar Bandaríkjaforseti lýsti áhuga stjórnar sinnar á að kaupa landið af Dönum líkt og um hver önnur fasteignaviðskipti væri að ræða. Bæði Grænlandingar og Danir höfnuðu hugmyndinni, liðin væri sú tíð að lönd og þjóðir gengju kaupum og sölum. Trump var ekki sáttur og hætti við ríkisheimsókn til Danaveldis. En í fyrsta sinn frá seinni heimsstyrjöld hafa Bandaríkinn opnað ræðismannsskrifstofu í Nuuk á Grænlandi.

Annars voru norðurslódamál mikið í fréttum, þar sem stórveldin



Flugmálayfirvöld víða um heim settu flugbann á hinar glænýju Boeing 737 MAX 8 flugvélar uns fullvissa væri fengin fyrir öryggi þeirra. Boeing tilkynnti síðan í lok árs að framleiðslu flugvélna yrði hætt. NORDICPHOTOS/GETTY



Mette Frederiksen stýrir nýrri ríkisstjórn Jafnaðarmanna í Danmörku. NORDICPHOTOS/GETTY



Margir munu sakna eins frægasta kattar samtímans, Grumpy Cat, en hann féll frá á árinu. NORDICPHOTOS/GETTY



Ihaldsmenn og Boris Johnson unnu sinn stærsta kosningasigur í 32 ár.



Matteo Salvini, leiðtogi Norðurbandalagsins NORDICPHOTOS/GETTY



Ríkisstjórnin í Kína efndi til mikilla hátíðarhalda í október í tilefni 70 ára stjórnar kommúnista. NORDICPHOTOS/GETTY

sækja æ meira í sig veðrið. Kapphlaup virðist hafið um áhrif og ítök á svæðinu sem er talið ríkt af auðindum og styttr siglingaleiðir milli Asíu og Evrópu til muna. Togstreita er um norðurslóðir á milli Bandaríkjanna, Kína og Rússa. Hinir síðastnefndu hafa aukið mjög hernaðarviðbúnað sinn í norður-

héruðum sínum. Mike Pence, varforseti Bandaríkjanna, heimsótti meðal annars Ísland til að ræða málefni norðurslóða.

Hryðjuverkaárásir víða

Sem fyrr voru hryðjuverkaárásir víða. Í einni slíkri létu lífið 46 sjúkraflutningalögreglumenn í

indverska hluta Kasmírhéaads og réðust indverskar orrustuþotur á skotmörk herskára múslima í Pakistan í fyrsta skipti síðan 1971. Í framhaldinu greip ríkisstjórn Indlands til margvíslegra aðgerða til að hefta tjáningar-, funda- og fjölmiðlafrelsi og þrengja að réttindum múslímskra Kasmírúbúa.

Í mars framdi maður í nafni hvítrar þjóðernishyggju fjöldamorð með hálfsjálfvirkri byssu í tveimur moskum í Christchurch á Nýja-Sjálandi. Alls var 51 myrtur og 40 særðust. Skotvopnalöggjöf í landinu var þá hert til muna og í lok árs var um 50 þúsund byssum skilað til lögreglunnar.

Undir áhrifum frá skotárás í Christchurch skaut síðan maður 22 í Walmart í El Paso í Texas í Bandaríkjunum.

Á páskaðag réðust liðsmenn ISIS á Srí Lanka á kristna menn og ferðamenn og drápu 253 í kirkjum, hótélum og víðar. Efasemdir eru uppi um að þau morð hafi verið hefnd múslima fyrir morðin í Christchurch.

Kjarnorkuvopnum heims fækkar

Kjarnorkuvopnum heimsins hefur fækkað. Svænska friðarrannsóknarstofnunin SIPRI segir Rússa og Bandaríkjamenn eiga 93 prósent allra kjarnorkuvopna í heiminum; Rússar séu með 6.500 en Bandaríkjamenn með 6.185. Ríkin hafa engu að síður fargað 615 kjarnavopnum síðasta ár. Önnur ríki með kjarnavopnum eru Frakkur með 300, Bretar með 200, Kínverjar með 290, Indverjar með 130-140, Pakistanar með 150-160, Ísraelar með 80-90 og hugsanlega Norður-Kórea.

Í ágúst síðan tilkynnt að sögulegur afvopnasamningur heyrði sögunni til þegar Bandaríkin og Rússland sögðu sig frá þeim INF-afvopnarsamningnum sem Reagan Bandaríkjaforseti og Gorbatsjov, leiðtogi Sovétríkjanna, undirrituðu árið 1987. Hann takmarkaði meðaldrægar skotflaugar og 2.700 skotflaugum var fargað.

Íranar færðust lengra frá því alþjóðlega samkomulagi sem takmarkaði uppbyggingu kjarnorkuvera í landinu og kröfðu Evrópusambandið um efnahagsaðstoð. Írönur var kennt um árásir á olíu-hreinsunarstöðvar í Sádi-Arabíu og Bandaríkin fjölguðu hermönnum og vopnum í Miðausturlöndum til að sporna við útþenslu Írans.

Mikil fyrirferð Brexit og Boris

Það er ekki hægt að fjalla um erlenda fréttir ársins án þess að nefna útgöngusamning Breta úr Evrópusambandinu (Brexit). Í janúar tapaði veik ríkisstjórn Theresu May atkvæðagreiðslu um Brexit í þinginu með 230 atkvæðum, sem er talinn mesti ósigur ríkisstjórnar þar í landi frá upphafi. Eftir það lá leiðin niður á við. Bretar fengu þrjár framhengingar á útgöngusamningnum og Bretland er enn í ESB.

Theresa May hékk í forsætisráðherraembættinu fram í júlí. Síðan olli eftirmaður hennar Boris Johnson, stjórnarskrármálakreppu þegar hann sendi þingið heim til að takmarka andstöðuna við Brexit, en Hæstiréttur sagði það ólögmætt. Bretar gengdu síðan til enn einna þingkosninganna og Íhaldsflokkurinn fékk sinn stærsta meirihluta í 32 ár. Skoski þjóðarflokkurinn skilaði þar einnig stórsigri. Verkamannaflokkurinn með veikan leiðtoga, Jeremy Corbyn, galt afhroð. Áætlað er að Bretland gangi loks formlega úr Evrópusambandinu 31. janúar á nýju ári eftir 47 ára aðild.

In memoriam

Fjöl margir heimsfrægir einstaklingar, sem hafa markað samtímans á ýmsum sviðum, létust á árinu. Í heimi stjórnmalanna má nefna Robert Mugabe sem stýrði Zimbabve með harðri hendi, Frakklandsforsetann Jacques Chirac og Li Peng, aðalræðismann Kína. Í heimi íþróttanna má nefna einn besta markvörð knattspyrnu-sögunnar, Gordon Banks, og Niki Lauda, heimsmeistara í Formúlu 1. Menningin missti Nóbelskaldið Toni Morrison, tiskukónginn Karl Lagerfeld og einn besta trymbil sögunnar, Ginger Baker. Margir sakna líka frægasta kattar samtímans, Grumpy Cat, sem féll frá á árinu. david@frettabladid.is

ALLT FYRIR ÁRAMÓTIN!

Heill kalkúnn
1.198 KR/KG
 LÆGSTA VERÐIÐ!


Kalkúnaskip
 Með beini
1.559 KR/KG
 ÁÐUR: 2.599 KR/KG
 -40%

Andabringur
 Á beini
2.099 KR/KG
 ÁÐUR: 2.999 KR/KG
 -30%

Dádýr
 Kóróna
5.999 KR/KG


Kalkúnabolti
 Fullelduð skinka
 - reykt eða óreykt
2.399 KR/KG
 ÁÐUR: 2.999 KR/KG
 -20%

GÆÐAKJÖT Á FRÁBÆRU VERÐI!
 Nautalundur
 Danish Crown
2.999 KR/KG
 ÁÐUR: 4.999 KR/KG
 -40%

Humar
 án skeljar
 800 gr
3.499 KR/PK
 ÁÐUR: 4.999 KR/PK
 -30%

Engiferbjór
 Fever Tree
 500 ml
299 KR/STK
 ÁÐUR: 419 KR/STK
 -25%

Xtra flögur
 Stórir pokar
199 KR/PK
 ÁÐUR: 299 KR/PK
 -33%

Rauð vínber
499 KR/KG
 ÁÐUR: 998 KR/KG
 -50%

nettó
 Lægra verð - léttari innkaup

VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 30. - 31. desember

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
 Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
 Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

ÓDÝRAST Á NETINU
 Í VEFVERSLUN NETTÓ*

*Skv. könnun Fréttablaðsins

Seilst í vasana



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Loðvík hét maður, franskur. Hann var sá fjórtándi með sama nafni til að að ríkja yfir Frakklandi og var uppi fyrir langa löngu. Hann lifði frá árinu 1638 til ársins 1715, og kom ýmsu í verk. Sögur segja að í hans valdatíð hafi orðið til veraldlegt einveldi sem byggðist á guðlegri forsjón. Það er ekkert lítilræði. Honum var greinilega ekki alls varnað.

Sennilega verður hans helst minnst fyrir að hafa staðið fyrir byggingu hallarinnar í Versölum, utan Parísar. Það er stórvirki og dylst engum sem þar koma að þannig byggja bara menn sem skortir ekki fé.

Hins vegar liggur fyrir að Loðvík byggði ekki þær byggingar allar úr eigin vasa. Nei, þær voru byggðar með fé annarra manna, skattborgara. En það trúflaði ekki Loðvík. Honum var ekki alltaf ljóst hvar línan lá milli hans og konungsríkisins. Honum eru enda eignuð orðin: „Ríkið, það er ég.“

En þetta er sagnfræði frá löngu liðnum tíma. Löngu liðnir atburðir sem við getum minnst – ef við nenum.

Eins og mál hafa æxlast er sumum verkefnum samfélagsins sinnt af hinu opinbera, ýmist að hluta eða öllu leyti. Um þetta fyrirkomulag má endalaust deila. En til þess að standa undir kostnaði við þessi verkefni leggur hið opinbera á þegna sína gjöld í formi skatta í ýmsum myndum.

Það er mikilvægt að þessum gjöldum sé haldið eins lágam og kostur er svo þegnarnir sjálfir ákveði meðferð á sínu fé en ekki fulltrúar hins opinbera. Um þetta hafa menn einnig getað deilt.

Á milli hátíðanna bærust fregnir af því að hið opinbera væri að breyta ýmsum gjöldum fyrir vöru og þjónustu um áramótin. Þannig mun eldsneytisgjald hækka um 2,5 prósent, bifreiðagjald um 2,5 prósent, útvarpsgjald hækka um fjögur hundruð krónur, áfengis- og tóbaksgjald hækka um 2,5 prósent og þannig má áfram telja. Hið opinbera seilst dýpra ofan í vasa þegnanna og engin merki eru um að til standi að draga úr umsvifum þess. Öðru nær.

Eitt einkenna þess árs sem senn er liðið er umrót á vinnumarkaði. Tíðar fréttir hafa borist af fjöldauppsögnum og hagræðingu í starfsmannahaldi fyrir-tækja, í fjölda atvinnugreina. Í nýlegri umfjöllun Hagstofunnar sem Fréttablaðið hefur greint frá, segir að launþegum í landinu fækki nú í fyrsta sinn um langan tíma og líklega muni þeim fækka áfram. Fækkun komi fyrst og fremst fram í einkageiranum.

Á hinn bóginn fjölgi opinberum starfsmönnum. Til dæmis hafi þeim sem starfa í fræðslugreinum og opinberri stjórnsýslu fjölgað um nærri 3.000 á einu ári, eða um tæplega sjö prósent. Þá hafi fólk í heilbrigðisþjónustu og umönnunarstörfum fjölgað um 800 eða rúmlega fjögur prósent.

Það er sannarlega ekki gert lítið út mikilvægi þessara verkefna. En það hljóta að vera takmörk fyrir hver umsvif hins opinbera eiga að vera. Ef ekki, gæti svo farið að við öll verðum þar í vinnu fyrr en varir.

Þá verður stutt í að Loðvík risi upp á ný, í einni eða annarri mynd.



En það hljóta að vera takmörk fyrir hver umsvif hins opinbera eiga að vera. Ef ekki, gæti svo farið að við öll verðum þar í vinnu fyrr en varir.

Halldór



Frá degi til dags

Bús 168% dýrara en í ESB
Góðtemplarar og áhugamenn um ofsköttun ættu að gleðjast þessi áramót því ríkisstjórnin mun ganga á undan með góðu fordæmi kostnaðarhækkana þegar áfengis- og tóbaksgjaldið rýkur upp um 2,5 prósent. Allt svolitíð sérstakt því Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra, hefur sjálfur furðað sig á háu verði bjórs á börum bæjarins.

Með þessu himinháa áfengisgjaldi er Ísland komið langt fram úr þeim ríkjum sem leggja hvað hæstu skattana á áfenga drykki með lýðheilsu að markmiði.

Áfengisverð hér er nú að meðaltali 168% hærra en í ríkjum Evrópusambandsins. Tílfni til að setja aðild að sambandinu aftur á dagskrá?

Óskhyggja að handan
Miðlarnir Guðrún Kristín Ívarsdóttir og Berglind Hilmarsdóttir mættu á Útvarp Sögu til að spá um komandi ár. Guðrún sagði Guðna Th. Jóhannesson munu tapa forsetakosningum „í kjölfar máls“. Þjóðþekkt kona á aldrinum 40-45 ára verði næsti forseti. Berglind miðill af efins. Guðni verði áfram en að kona sem bjóði sig fram gegn honum verði mjög nálægt í kjöri.

Þá sagðist Guðrún sjá að Katrín Jakobsdóttir leiti á annan starfsvettvangi í vor. Hún fái litlu ráðið innan ríkisstjórnarinnar. Spurning hvort þurfi miðil til að komast að því síðastnefnda.

gar@frettabladid.is

Hvert fór jólabónusinn?



Páll Kr. Pálsson
framkvæmdastjóri

„Lifskjarasamningnum“ svokallaða var ákveðið að desemberuppbót = lifskjarajólabónus launþega 2019 skyldi vera 92 þús. kr.

Fyrir fyrirtæki kostar þessi uppbót um 113 þús. kr. á hvern starfsmann: 92 þús. + launatengd gjöld (lifeyrissjóður + stéttarfélagsgjald + orlofsjóður + sjúkrasjóður um 16,5%) og tryggingagjald 6,5% um samtals 23% ofan á 92 þús. kr. = rúmlega 113 þús. kr.

Af þessum 92 þús. kr. greiða starfsmenn 37% í skatt (þeir sem eru í lægra skattþrepinu, þeir í herra rúm 46%), 4% í lifeyrissjóð og 2% (flestir) í séreignarsjóð = segjum að meðaltali 43% sem þýðir að þeir fá útborgaðar rúmar 52 þús. kr. af þessum 92. þús. kr. Síðan ráðstafa starfsmenn þessum rúmu 52 þús. kr. til alls kyns útgjalda þar sem gera má ráð fyrir að meðalvirðisaukaskattur sé um 20% (matur, önnur heimilisútgjöld, fjárfestingar, rekstur bifreiðar, jóladrykkir o.fl.). Þá eru eftir tæplega 42 þús. kr. sem er það sem starfsmaðurinn fær í raun til eigin ráðstöfunar.

Mismunurinn, þ.e. 113 þús. kr. sem fyrirtækin greiða – 42 þús. kr. sem starfsmaðurinn fær, = 71 þús. kr. fer annars vegar í lifeyrissjóði, stéttarfélag, orlofs- og sjúkrasjóði um 21 þús. kr. og hins vegar til opinberra aðila = tekjuskattur, útsvar, tryggingagjald og virðisaukaskattur um 50 þús. kr.

Niðurstaðan er sem sagt að fyrirtæki greiða 113 þús. kr. á starfsmann. Starfsmaðurinn fær af því um 42 þús. kr. eða rúm 37%. Lifeyris-, orlofs- og sjúkrasjóðir um 21 þús. eða tæp 19%. Opinberir aðilar um 50 þús. kr. eða rúm 44% af þeim 113 þús. kr. sem „lifskjara-jólabónusinn“ kostar fyrirtækin á hvern starfsmann!

Ég sé ekki betur en að fyrirtæki landsins séu með þessum „lifskjara-jólabónus“ að senda sig sjálf og starfsmenn sína beint í jólaköttinn ógurlega = opinberu gjaldahitina, þar sem hinn sjálfstæði, framsækni, vinstramegin-græni jólaköttur liggur á meltunni og malar af gleði!

Mér sýnist þetta ekki góð aðferð til að bæta kjör fólks, frekar en svo margt annað sem bírókratar búa til! Gleðilega hátíð og góðar stundir.

Samsett kaka sem skýtur upp þyrpingu af 10 kúlum í einu með gulllituðum hala. Kúlurnar springa í rauðar, grænar og gular stjórnur með brakandi leiftri.

Þú færð Víg Snorra á næsta flugeldamarkaði björgunarsveitanna

Dramatískir tímar

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Árið 2019 verður allt svo gott. Allir búa í borgum undir glerhjálum og fljúga í glansandi eldflaugum með viðkomu á tunglinu eða hóteli á hafsbótnei.

Nei, ekki alveg. En svona var framtíðarsýnin. Þessi dægurlaga-texti var saminn af Sjón og fluttur af hljómsveitinni Pinkowitz árið 1989 fyrir leikritið Tóm ást. Ákaflega gott lag. Ekki mjög frægt samt. Þór Eldon samdi. Texti þess mótaði lengi hugmyndir mínar um það hvernig árið 2019 yrði. Ætíð var það óralangt í burtu. Svo kom það allt í einu. Og leið. Nú búið.

Fólk flýgur ekki um í glansandi eldflaugum með viðkomu á tunglinu, nei. Og í mesta lagi verða nokkur pálmatré í borgarsamfélaginu höfð undir glerhjálum — eða í einhvers konar glerhjúp í Vogunum — á komandi árum, en aldrei borgin öll. Þótt ekki sé útilokað að einhver hóteli verði á hafsbótnei innan tíðar, gangi svörtustu spár eftir, þá var árið sem nú er að líða sem sagt ekki mjög í anda hins þrjátíu ára gamla lags. Hugmyndir



okkar um framtíðina eru auðvitað mestmegnis afskaplega vitlausar og markast yfirleitt af því framúr-stefnulegasta sem hefur nýskeð. Árið 1989 hafði verið gengið á tunglinu tuttugu árum áður. Eðlilegt þótti að álykta af rælni í dægurlagatexta að eftir þrjátíu ár myndu allir meira eða minna vera þar. Svo er ekki. Enginn er þar.

Ár mennskunnar

Við húkum bara enn á þessari jörð, þessi breyskleikabúnt sem við erum, mannfólkið — sífellt fleira og fleira — og reynum að ráða fram úr þessu. Eitt í alheiminum.

Mestmegnis er allt við sama heygardhornið, eða eins og segir líka í textanum: „Eitt er víst að aldrei breytist. Strákur hittir stelpu og stelpa hittir strák.“ Þau sannindi hafa reyndar aðeins flækst með fleiri kynjum og engum kynjum, henni, honum og hán, og við erum vissulega tengd í gegnum símann í lófanum okkar á hverri sekúndu og hægt er að þrívíddarprenta og tala við bíla og klóna Sám (og þá væntanlega Ólaf Ragnar líka, sem hlýtur að vera planið) og guð má vita hvað, en ennþá ræður samt hið mannlega föriðni í grunninn. Sjáðið til: Þrátt fyrir alla

fullkunnunina þá klikka tölvur ennþá alltaf þegar einhver ætlar að ræsa PowerPoint-sýningu á fundi. Það er fastur liður. Vandræðalegar þagnir af því tilefni munu eiga sér stað langt fram eftir öld ásamt tilheyrandi fátí. „Tæknin er eitthvað að stríða okkur,“ verður áfram umlað af fundarstjórum um aldir alda. „Kann einhver á PC?“

Því þrátt fyrir allt erum við bara manneskjur. Sveittar á efri vör. Ófullkomnar, gleymnar, hvatvísar, skynsamir, óskynsamir, rökvisar, furðulegar, reiðar og glaðar.

Úrslitaárátugur

Árið 2019 var ár mennskunnar, í öllum sínum litbrigðum. Vísindin verða ætíð fullkonnari, vitneskjan meiri, tæknin betri, en maðurinn er manneskja, sjálfum sér bestur og verstur. Sinnar gæfu smiður. Árið sýndi okkur þetta, svo sterkt. Þrátt fyrir allan lærdóm sögunnar segja þjóðir sig úr farsælu samstarfi við aðrar þjóðir og halda í illa ígrundaða óvissuleiðangra út í buskann í nafni rómantískrar þjóðernishyggu, eins og sú hugmyndafræði hafi ekki gert nógu mikinn usla. Lýðræðissamfélög kjósa sér leiðtoga með augljósa einræðistilburði líkt og ekkert hafi áunnist með áratugabaráttu undirokaðs fólks gegn slíkum mönnum hér áður fyrr. Fólk ætlar í annan hring. Og það er alveg sama hvað upplýsingarnar segja um vána sem er yfirvofandi. Jörðin hitnar og þekkingin hefur skammtað okkur nauman tíma til

að bregðast við, áratug eða minna, en samt skal skellt við skollaeyrum.


Kannski erum við stödd í ból-sýnisbæn Hatara. Leiðtogar rugla og bulla og fá fyrir það fylgi. Veröld brennur. Vonin birtist í unglingsstelpu í gulri regnkápu. Bölið í appelsínugulum auðkýfingi. Helmingur er Team Thunberg. Helmingur Team Trump. Næsti áratugur verður úrslitaárátugur í viðureign aflanna.

Sjón hefði ekki getið séð þetta fyrir nema á allsvakalegri sýru, en við skulum leyfa okkur að skálda í eyðurnar úr minni fjarlægð: Þótt þanos nái að smella fingrum um stund, líkt og hann gerði í bióhúsunum á árinu, þá skulum við enn vona. Í mannsálinni býr vissulega gjöreyðingarafli en þar býr líka vonin, víðsýnin, útsjónarsemin, samtakamátturinn, sköpunin, dugnaðurinn og hugrekið.

Þetta er svona: Tækninni fleygir fram. Eldflaugar með viðkomu á tunglinu? Kannski. Gervigreind, sjálfkeyrandi bílar og talandi ísskápar. Allt er þetta að gerast. En fram undan er klassísk saga, sem hverfist um fornt þema. Hún fjallar um mannkyn sem enn er komið í bobba og hvernig allt gott fólk þarf að bindast böndum og taka saman höndum í baráttu fyrir því að börn geti á jörðinni áfram vaxið úr grasi og átt fallett líf. Að því sögðu segi ég gleðilegt ár og takk fyrir þau liðnu. Og í anda minnar kynslóðar: Megi mátturinn vera með okkur.

Beltone Trust™

Hlustaðu á hjartað þitt



Beltone Trust™ heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði – sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



Lyftistöng fyrir kraftlyftingar

Júlian J.K. Jóhannesson var um helgina valinn íþróttamaður ársins 2019 af Samtökum íþróttafréttamanna. Júlian er stoltur af nafnbótinni og stefnir að því að nýta hana til að drífa sig áfram

ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS Júlian J.K. Jóhannesson gerði einum betur en í fyrra þegar hann lenti í fyrsta sæti í árlegu kjöri um Íþróttamann ársins 2019 hjá Samtökum íþróttafréttamanna um helgina. Með því varð Júlian fyrsti iðkandi kraftlyftinga sem tekur við þessum verðlaunum í 38 ár og sá þriðji í sögunni á eftir Skúla Óskarssyni (1978, 1980) og Jóni Páli Sigmarssyni (1981).

Júlian fékk 378 atkvæði af 560 mögulegum og var með 43 stiga forskot á Martin Hermannsson körfuboltamann sem lenti í öðru sæti. Sara Björk Gunnarsdóttir sem hlaut nafnbótina í fyrra lenti í þriðja sæti í ár með 289 stig.

„Það var ótrúleg tilfinning, maður glaðvaknaði og var spenntur að halda út í daginn.“ sagði Júlian, léttur í lund aðspurður hvernig tilfinningin hefði verið að vakna daginn eftir sem Íþróttamaður ársins.

„Viðbrögðin hafa verið alveg ofboðlega góð og fallegum kveðjum hefur rignt inn, bæði frá fjölskyldumeðlimum og öðrum. Þetta hefur verið alveg ofboðlega þakklátur. Ég er ekki alveg lentur ennþá, maður er ansi hátt uppi.“

Aðspurður sagði Júlian hafa gælt við hugmyndina um að nú væri komið að honum þegar hann mætti á lokahófið um helgina.

„Ég vissi að möguleikinn væri til staðar en eins og sagt er, ekki er sopið kálið þótt í ausuna sé komið. Í forsetakosningum er yfirleitt talað um að finna meðbyr í samfélaginu og ég upplifði það. Mér fannst ég finna fyrir meðbyr af hálfu samfélagsins.“ sagði Júlian sem nýtti sér silfurverðlaun síðasta árs til hvatningar á þessu ári.

„Ég var nálægt því að vinna þetta í fyrra og var með það á bak við eyrað allt árið. Þetta er stór titill og viðurkenning í íslensku íþróttalífi og á HM vissi ég að það væri meira undir en bara mótið. Það hjálpaði

Ég var nálægt því að vinna þetta í fyrra og var með það á bak við eyrað allt árið.

Júlian J.K. Jóhannesson

mér að undirbúa mig og hvetja fyrir mótið.“ sagði Júlian sem sagðist oft hafa fylgst með kjörinu spenntur sem ungur drengur.

Júlian lenti í þriðja sæti á HM í vetur og var ánægður með framfarirnar sem hann sýndi í Dúbaí.

„Á HM í Dúbaí tókst mér að skila að mér fannst svo gott sem fullkomnu móti. Ég fann fyrir mikilli pressu fyrir mótið, bæði að bæta mig og að komast á verðlaunapall og mér tókst að bæta mig í öllum greinum og setti nýtt met. Það sem mér finnst standa upp úr er hvað ég setti mér háleit markmið og mér tókst að standast þau öll.“

Þetta hvetur mann áfram fyrir næsta ár, næsta verkefni er að tryggja sér þátttökurétt á heimsleikunum sem eru á fjögurra ára fresti. Það er núna fyrsta markmið og færast ofar á verðlaunapallinn.

Júlian á von á sínu fyrsta barni, dreng, á nýju ári með kærustu sinni, Ellen Yri Jónsdóttur.

„Ég var einmitt að segja kærustuinni að þetta yrði rætt á fæðingardeildinni. Hún fullyrta að drengurinn myndi ekkert muna eftir því en það kemur í ljós.“ sagði Júlian hlæjandi. kristinnpall@frettabladid.is



HETJA HELGARINNAR

Júlian hefur unnið mjög markvisst að þessu markmiði og á þetta fyllilega skilið. Það nær enginn að setja heimsmet yfir nótt og þetta er engin tilviljun. Fyrir kraftlyftingar á Íslandi er þetta mikil viðurkenning fyrir það góða starf sem hefur verið unnið síðustu tíu ár.

Gry Ek Gunnarsson, formaður Kraftlyftingasambands Íslands.

Júlian J.K. Jóhannesson

Fæddist árið 1993 og keppir fyrir hönd Glimufélags Ármanns. Hann var aðeins sextán ára þegar hann vann fyrsta mót sitt í kraftlyftingum og sama ár lenti hann í fimmta sæti á Íslandsmeistaramótinu.

Undanfarin þrjú ár hefur Júlian tekið þátt í HM í kraftlyftingum í flokki +120 kílóa og komið heim með bronsverðlaunin í hvert skipti. Þá nældi Júlian í silfurverðlaun á Evrópumótinu í kraftlyftingum sem fór fram fyrr á þessu ári.

Gott silfur gulli betra. Virkilega stoltur að vera partur af þessum hóp. Til hamingju Júlian!

Martin Hermannsson, landsliðsmaður í körfubolta sem lenti í 2. sæti í kjörinu.

Búinn að finna markaskóna

FÓTBOLTI Dominic Calvert-Lewin, framherji Everton, heldur áfram að bera sóknarleik liðsins á herðum sér þetta tímabili en um helgina skoraði þessi 22 ára framherji sjöunda og áttunda mark sitt á tímabilinu. Hann hefur því skorað rúmlega þriðjung marka Everton (23) þegar Everton er búinn að leika tuttugu leiki og virðist njóta trausts Carlo Ancelotti eftir að sá ítalski tók við liðinu. Margir áttu von á því að með komu Ancelotti myndi Moise Kean loksins fá tækifæri en Calvert-Lewin hefur nú skorað fimm mörk í síðustu fimm leikjum.

Calvert-Lewin, sem er á fjórða tímabili sínu hjá Everton, var keyptur

frá Sheffield United ungur að árum þrátt fyrir að hafa ekki komist á blað í fyrstu ellefu leikjum sínum með uppeldisfélaginu. Á fyrsta ári Calvert-Lewin hjá Everton tókst honum að skora einu sinni en hápunkturinn var þegar hann var hluti af U20 ára liði Englands sem vann HM. Ljóst var snemma að hann gæti reynst úrvalsdeildarliðum vel en það eina sem vantaði upp á var markaskorun. Á fyrstu þremur tímabilum sínum í ensku úrvalsdeildinni skoraði Calvert-Lewin ellefu mörk í 78 leikjum en er nú kominn með átta

» Eftir að hafa skorað ellefu mörk fyrstu þrjú ár sín í ensku úrvalsdeildinni hefur Calvert-Lewin skorað átta mörk á þessu tímabili.

mörk í átján leikjum það sem af er tímabilinu.

Undanfarin tuttugu ár hafa aðeins tveir leikmenn Everton skorað fimmtán mörk eða meira á einu tímabili, Yakubu og Romelu Lukaku, en Calvert-Lewin gæti bæst í þann hóp í ár. „Hann verður einn af betri framherjum Englands og Evrópu í framtíðinni því hann hefur alla þá hæfileika sem framherji þarf.“ sagði Carlo Ancelotti, knattspyrnustjóri Everton, eftir leik.

– kpt



Þorgeir er mögnuð terta. Allir regnbogans litir lýsa upp himininn með blómum, pálmum og stjörnum. Skotunum er fylgt eftir með glitrandi hala og hvellir, brak og brestir óma um svæðið. Þorgeir er skriðinn undan feldinum í allri sinni dýrð.



FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA




Þú færð Þorgeir á næsta flugeldamarkaði björgunarsveitanna

skot	49
sek	27
5	5
5	5
kg	6

FRÉTTA

MÁNUDAGUR 30. DESEMBER 2019

Lífsstíll



Þarið Sigurður Ingi og Ingibjörg Fríða lifa og hrærast í tónlist alla daga og spila mikið saman. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

HVAÐ ER AÐ
FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.



Það eru alls konar tækifæri út um allt

Sigurður Ingi Einarsson og Ingibjörg Fríða Helgadóttir eru bæði par og samstarfsfólk. Þau eru starfandi tónlistarfólk og spila mikið saman auk þess að halda vinnusmiðjur. Æfingar fara oft fram heima á kvöldin en þau eiga 10 mánaða son sem þau hlakka til að taka inn í fjölskyldubandið. ➔2

Framhald af forsiðu →

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Ingibjörg er söngkona og Siggi, eins og hann er alltaf kallaður, trommuleikari. Þau hafa verið saman í bráðum 10 ár en segjast ekki hafa spilað mikið saman til að byrja með.

„Við vorum í svo ólíkum stílum. Ég var mikið að syngja djass, þjóðlagatónlist og klassík en Siggi var í rokksenunni,“ segir Ingibjörg. „En þar sem Siggi er þeim hæfileikum gæddur að geta spilað á mörg hljóðfæri þá höfum við spilað mikið saman undanfarið. Fólk var kannski að biðja mig að syngja eitt til tvö lög í brúðkaupi og þá bað ég hann bara að koma með mér. Það er svo þægilegt og við getum bara æft heima í stofu.“

„Ég spila yfirleitt á gítar með henni, en ég er bara sjálflærður á gítar. Ég er þeim kostum gæddur að geta sungið líka svo ég get raddað hana. Þannig finnst mér ég bæta fyrir það að vera ekki alveg nógu góður gítarleikari. Ég tromma stundum líka með, er með eitthvert smá slagverk,“ segir Siggi. „Þetta er náttúrulega praktískt fyrir heimilið, en getur verið þreytandi. Strákurinn er kannski sofnaður og okkur langar bara að horfa á Netflix eða eitthvað en við þurfum að æfa. Þar skarast svolítið persónulega lífið og vinnan.“

Syngja og spila fyrir ferðamenn til að auka upplifun

Þau Ingibjörg og Siggi hafa undanfarið verið að flytja stutt tónlistarprógramm fyrir ferðamenn í Hörpu. „Ég var að vinna sem leiðsögumaður í Hörpu og þá tók ég oft sérhópa í skoðunarferð. Af því að ég er starfandi söngkona líka þá báðu yfirmenn mínir mig einu sinni að halda litla tónleika fyrir hópinn. Þetta átti bara að vera greiði við þá, að enda skoðunarferðina á smá tónleikum til að auka upplifunina fyrir gestina,“ útskýrir Ingibjörg.

„Ég sagði ekkert mál og fékk Sigga til að koma með mér. Ég vissi ekki alveg hvernig tónlist ég átti að velja fyrir þau. Þetta var stjórn erlends fótoltasambands svo það eina sem mér datt í hug var Ég er kominn heim og eitthvað svona sem allir þekkja. Þetta sló svo í gegn að við vorum beðin að búa til sama prógramm fyrir hinn almenna ferðamann. Þannig að hver sem er gæti upplifað þetta. Að fá skoðunarferð og enda á tónleikum,“ segir Ingibjörg.

Úr varð lítið prógramm til að kynna íslenska tónlist. Allt frá íslenskum tvísöng, þjóðlagatónlist og klassík upp í nútíma popp og rokk

„Tónleikarnir eru í Austurhlíðinni á Hörpu, sem snýr út að sjónum og í átt að Sæbrautinni. Þetta er rými sem fæstir ferðamenn hafa færi á að sjá. Það er með risagluggum og fólk tekur andköf þegar það kemur þarna inn. Það er alveg epískt að hlusta á Ísland farsælda frón og horfa á Esjuna út um gluggann. Þetta verður miklu flottara út af því,“ segir Siggi.

Hjálpa krökkum að sleppa sér og búa til tónlist

Siggi og Ingibjörg eru bæði útskrifuð úr skapandi tónlistarmiðlun frá Listaháskóla Íslands. Frá útskrift hafa þau haldið mikið af tónlistarsmiðjum fyrir börn og unglinga og fullorðna.

„Árlega erum við með okkar



Það er svo þægilegt fyrir okkur að æfa fyrir tónleikana heima í stofu þegar sonurinn er sofnaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

eigin tónlistarvinnusmiðju sem heitir Spunavélin. Þá erum við svolítið að vinna með frjálsan spuna og alls konar leiki sem hjálpa krökkum að sleppa sér og búa til alls konar músík,“ segir Ingibjörg.

„Þetta er vikulangt námskeið fyrir börn. En við getum útfært það á ýmsan hátt. Ef til dæmis einhver hátíð spyr hvort við getum komið í tvo klukkutíma þá búum við bara til minni útgáfu af námskeiðinu. Við höfum farið

með námskeiðið á Þjóðlagahátíð á Siglufirði, Sönghátíð í Hafnarborg í Hafnarfirði og Listahátíð í Reykjavík og fleiri hátíðir,“ segir Siggi.

„Í fyrrasumar vorum við á Kátt á Klambra, þá héldum við þetta úti. Við erum mjög sveigjanleg og aðlögum þetta bara að aðstæðum. Fólk er velkomið að hafa samband við okkur á Facebook síðunni okkar Siggi & Ingibjörg ef það vill fá okkur til að halda smiðju,“ segir Ingibjörg.

Gaman að hræst í tónlist

Auk þess að halda saman vinnusmiðjur, spila í Hörpu og spila í brúðkaupum, afmælum og árs hátíðum hér og þar, eru þau Siggi og Ingibjörg líka að sinna tónlist hvort í sínu lagi.

„Ég syng í kór og syng mikið við jarðarfarir. Ég er líka með fasta kennslu eins og svo margir tónlistarmenn og er líka í hlutastarfi hjá KrakkaRÚV,“ segir Ingibjörg.

„Ég vinn líka í miðasölunni í Hörpu,“ segir Siggi. „Það er bara

„Ég var að vinna sem leiðsögumaður í Hörpu og þá tók ég oft sérhópa í skoðunarferð. Af því að ég er starfandi söngkona líka þá báðu yfirmenn mínir mig einu sinni að halda litla tónleika fyrir hópinn.“

Ingibjörg Friða Helgadóttir

þannig að maður þarf að hafa eitthvað með, þú getur ekkert bara verið að spila.“

„Það er samt misjafnt milli ára,“ skýtur Ingibjörg inn. „Sum ár eru betri en önnur. Ég fékk listamannalaun í þrjá mánuði á þessu ári sem gerði ótrúlega mikið. Ég var að vinna að nýrri tónlist með vinkonu minni sem er tónskáld en hún heitir líka Ingibjörg (Yr Skarphéðinsdóttir) en við köllum okkur Ingibjargir. Það eru alls konar tækifæri út um allt.“

„Það er gaman að hræst í þessu,“ segir Siggi, en hann er í mörgum hljómsveitum og vinnur einnig að því að gefa út tónlist í eigin nafni. „Ég er í hljómsveit sem heitir Brött Brekka og við vorum að gefa út okkur fyrstu stóru plötu. Vínýlplötu sem er til sölu í flestum plötubúðum. Svo er ég í hljómsveit sem heitir VAR, við vorum líka að gefa út á þessu ári, við erum svona post rokk band og erum búnir að spila út um allar trissur. Við förum til Bandaríkjana í sumar og líka í Evróputúr.“

„Þetta er svona nútíma sjómennska. Ég var grasekkja með þennan í svona mánuð samtals eftir að hann fæddist,“ skýtur Ingibjörg inn í og bendir á son þeirra sem situr í fanginu á henni. „Ég er líka í hljómsveit sem heitir Man Kind. Maður er svolítið í underground rokksenunni herna heima. Það getur verið svolítið myndið að fara í brúðkaup og syngja eitthvað fallett, rólegt lag og bruna svo beint á Gaukinn að spila þungarokk,“ segir Siggi og hlær.

Enginn gat passað barnið nema nágranni þeirra

Þau Ingibjörg og Siggi segja að þótt það sé mjög þægilegt að vinna mikið saman hafi það orðið flóknara eftir að sonurinn fæddist.

„Það segir sig sjálf að þegar við erum að spila svona mikið saman þá þurfum við alltaf að redda pössun og það getur verið ógeðslega erfitt. Um daginn vorum við að fara að spila á jólahlaðborði og allir í fjölskyldunum okkar voru á jólatónleikum í Hörpu svo enginn gat passað. Það endaði með því að við töluðum við nágrannann fyrir ofan okkur og sem betur fer var það ekkert mál.“

Sonurinn hefur hlustað mikið á foreldra sína æfa og þegar Ingibjörg gekk með hann var hann oft með henni á sviði á tónleikum.

„Við erum strax farin að hugsa um hvaða hljóðfæri væri praktískast fyrir hann að læra á svo það passi við fjölskylduna,“ segir Ingibjörg hlæjandi og lítur á son sinn. „Þú átt engan séns, elsku litla barn.“

„Nei þetta er búið fyrir þig,“ segir Siggi brosandí en bætir svo við: „Hann fær örugglega ógeð á tónlist þegar hann verður svona 10 ára og fer að gera eitthvað allt annað.“

Útgefandi:

Torg ehf

Ábyrgðarmaður:

Jóhanna Helga Viðarsdóttir



VIÐ ÞEKKJUM VARAHLUTI OG ÞEIR ÞEKKJA OKKUR

Hágæða varahlutir



Bremsuhlutir



Gæðaoilur



Varta rafgeymar



Brenderup kerrur



7 verslanir um land allt

Sími 535 9000



STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
230 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. ofl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Keypt & Selt

Til sölu



Kassagítarar í úrvali Gitarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Reginn

FASTEIGNAFÉLAG

ÚTBOÐ

Reginn hf. óskar eftir tilboðum í ytri endurskoðun fyrir samstæðu Regins hf. og félaga innan samstæðunnar vegna fjárhagsáranna 2020-2022.

Útboðið er opið, en vakinn er sérstök athygli á því að uppfylla þarf lágmarks skilyrði til að bjóðendur komi til greina sem ytri endurskoðendur. Það er ófrávikjanleg krafa að aðilar þurfa að uppfylla skilyrðin.

Tilkynna þarf um þátttöku í tilboðinu eigi síðar en kl. 16:00 þann 7. janúar 2020. Nánari upplýsingar um útboðið, lágmarks skilyrði og tilkynningu um þátttöku er að finna á heimasíðu félagsins: www.reginn.is.

Útboðsgögn, sem eru á rafrænu formi, verða afhent þeim sem uppfylla skilyrðin í kjölfar tilkynningar um þátttöku.

Tilboð verða opnuð á skrifstofu Regins hf., Hagasmára 1, Kópavogi, kl. 13:00 þann 21. janúar 2020.

Endurskoðunarnefnd Regins hf.

Reginn hf. / 512 8900 / reginn@reginn.is / reginn.is

Snyrti & Nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 - 210 Gardabæ

► Andlitsbað, litun og plokkun

► Tilboð 9.500,-

► Meðferð tekur 60 mín



Verið hjartanlega velkomin.


Tímamantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

*Frettablaðið og Morgunblaðið
Heimild: Premspring Gallup, jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða í Höfuðborgarsvæðið á ákafnum 15-49 ára.

Námskeið

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið:

Mánudaga og miðvikudaga: 13:30 - 15:00

Mánudaga og miðvikudaga: 19:15 - 20:45

Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30

Framhaldsnámskeið spænska II:

Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30

Þriðjudaga og fimmtudaga: 13:30 - 15:00



Námskeiðin hefjast 6. og 7. janúar.


Verð á mann er 32.000 kr.

Upplýsingar í síma 698 5033 eða spaenskuskolinnhablame@gmail.com

Facebook: Spænskuskólinn Háblame

Instagram: [spaenskuskolinn_hablame](https://www.instagram.com/spaenskuskolinn_hablame)

Fasteignir




heimili

fasteignasala
á traustum grunni

Bogi Molby Pétursson löggiltur fasteignasali. • Finnboji Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is



JÓLATÓNLISTARHÁTÍÐ Í HALLGRÍMSKIRKJU 1.-31. desember 2019
THE HALLGRÍMSKIRKJA CHRISTMAS MUSIC FESTIVAL December 1st-31st 2019



HÁTÍÐARHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT

Festive Sounds at New Year

30. des. mánudagur kl. 20 og 31. des. gamlársgdagur kl. 16
Monday December 30th at 8 pm and Tuesday December 31st at 4 pm

HÁTÍÐARTÓNLIST FYRIR 2 TROMPETA OG ORGEL
FESTIVE MUSIC FOR 2 TRUMPETS AND ORGAN

Tveir afburða ungir íslenskir trompetleikarar koma nú frá New York og París til að færa okkur hátíðarstemningu áramótanna í samleik við Klais- orgelið í annað sinn, en þeir heilluðu áheyrendur með glæsilegum leik sínum um síðustu áramót. Einir vinsælustu tónleikar ársins eru nú haldnir í 27. sinn!

The highly popular New Years event returns with festive music for two trumpets and organ. Two exceptional young Icelandic trumpet players visit from New York and Paris to start the New Year festivities with the Klais organ. They played at the Festive Sounds at New Years Eve last year!

Flytjendur / Performers: :

Baldvin Oddsson trompetleikari / trumpet,
Jóhann Nardeau trompetleikari / trumpet
og / and **Björn Steinar Sólbergsson** orgelleikari / organ.



Aðgangseyrir: **3.500** kr. (30. des) / **4.000** kr. (31. des)
Admission: **3500** ISK (Dec 30th) / **4000** ISK (Dec 31th)
Miðasala í Hallgrímskirkju opið daglega 9-17 og á midi.is
Ticket sale at Hallgrímskirkja open daily 9am- 5 pm and online on midi.is.

LISTVINAFELAG.IS

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1703 Jarðskjálfti skekur Tókýóborg með þeim afleiðingum að 35 þúsund manns farast.

1809 Lög í Boston, sem banna fólki að vera grimuklætt á böllum, eru innleidd.

1880 Svo hörð og langvarandi frost eru að gengið er á ís frá Reykjavík og upp á Kjalarnes.

1883 Fyrstu kirkjuhljómléikar á Íslandi eru haldnir í Dómkirkjunni í Reykjavík.

1911 Sun Yat-sen er kosinn fyrsti forseti Kína.

1922 Rússland, Hvíta-Rússland, Úkraína og Suður-Kákasus mynda Sovétríkin.

1935 Ítalskar sprengjuvélar rústa sænskum Rauðakrossskrifstofum í Eþíópíu.

1938 V.K. Zworykin fær einkaleyfi á sjónvarpinu.

1940 Arroyo Seco Parkway, fyrsta hraðbrautin í Kaliforníu, er opnuð.

1947 Rúmenska þjóðin lýsir yfir sjálfstæði.



1970 Paul McCartney fer í mál við aðra hljómsveitarmeðlimi í Bítlunum.

1975 Golfstjarnan Tiger Woods fæðist.

1980 Patrick Gervasoni, frönskum manni sem sagður var landflóttá, er vísað af landi brott eftir miklar deilur.

2006 Saddam Hussein, fyrrverandi forseti Íraks, er tekinn af lífi.

Gamlársdagur heilagur

Njáll Trausti Friðbertsson alþingismaður verður fimmtugur á morgun og hann og frúin, Guðrún Gyða Hauksdóttir, eiga brúðkaupsafmæli. Þau fagna deginum fjarri ættjörðinni.

Þó að ég hafi verið talsvert hér fyrir norðan sem barn og unglingur, þá ólst ég upp á Seltjarnarnesi, segir Akureyringurinn Njáll Trausti Friðbertsson þingmaður. Hann er heima hjá sér í jólafríi þegar ég heyri í honum í tilefni fimmtugsafmælis hans á gamlársdag.

Njáll Trausti hefur setið á þingi í þrjú ár og segir það áhugavert. Þar hafi hann fengið að sinna ýmsum verkefnum sem honum séu kær, eins og flugmál. Flugumferðarstjórn sé nefnilega ævistarfið. Kveðst hafa útskrifast úr MR vorið 1990 og byrjað að læra flugumferðarstjórn um haustið, ætlað svo rétt að skreppa norður til dvalar í nokkur ár, en í lengst. Grunur minn um að hann hafi kynnst konu þar reynist réttur.

„Já, það er nú smá saga,“ segir Njáll Trausti glaðlega. Konan mín, Guðrún Gyða, ólst upp á Akureyri og var í MA en fór suður að læra hjúkrun í Háskóla Íslands. Tók svo starfsþjálfun í hjúkrun á barnadeildinni á Akureyri í eitt ár og við kynntumst í Sjallanum einmitt þegar hún var á förum suður aftur. Hún sagði fljótlega upp þar og flutti norður – þökk sé Sjallanum! Síðan eru liðin nokkur ár og við eigum 20 ára brúðkaupsafmæli núna á gamlársdag, á afmælisdaginn minn, þannig að þetta eru mikil tímamót. Við giftum okkur sem sagt 31. desember 1999, um miðnætti átti svo heimurinn að hrynja því tvöþúsundvandinn átti að grýta allt niður.“

Njáll Trausti tilkynnir að þau hjón muni flýja land áður en þessi tvöfaldi afmælisdagur renni upp. „Synirnir og tengdadæturnar ákváðu það í ágúst að við færum út um áramótin. Það verður í fyrsta skipti sem við heimsækjum Tenerife.“

Áhugi Njálts Trausta liggur ekki bara í fluginu heldur ferðapjónustu almennt, því tók hann viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri með áherslu á ferðapjónustu og hagræna þætti hennar. „Þetta var árið 2004 og það var enginn að þæla í þessu þá. Samt eru ekki nema fimmtán ár síðan,“ bendir hann á. „Hagstofan og Seðlabankinn unnu þó fyrir mig gögn vegna lokaverkefnisins því þeim fannst þetta áhugavert.“ Spurður hvort hann hafi starfað við ferðapjónustu, fyrir utan að stjórna flugumferð fyrir norðan, svarar hann: „Ja, við bræður byggðum upp gistingu hér á Akureyri sem heitir Sæluhús.“

Njáll Trausti var skiptinemi í Banda-



„Stundum lítur út fyrir að leiðin hafi verið vörðuð,“ segir Njáll. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Við giftum okkur sem sagt 31. desember 1999, um miðnætti átti svo heimurinn að hrynja því tvöþúsundvandinn átti að grýta allt niður

rikjunum 1987 til 1988 og kveðst hafa verið svo heppinn að systir konunnar sem hann bjó hjá hafi verið aðstoðarmaður Joes Biden, sem síðar varð varaforseti í tíð Obama og stefnir nú á að verða forseti Bandaríkjanna. Hann hafi því fengið grand tús um Hvíta húsið. „Ég var einmitt í heimsókn í Hvíta húsinu daginn áður en Gorbatsjov og Reagan skrifuðu undir samning um meðaldræg kjarnavopn og eldflaugar sem var

að renna út núna um daginn. Ég fékk líka tvö bréf frá Joe Biden, annað vegna þess að ég var markahæstur í fylkinu í menntaskólalöbótunum og fékk hamingjuóskabréf frá honum. Svo var blað sem valdi mig íþróttamann fylkisins og ég fékk annað bréf frá Biden upp á það!“

Ýmislegt er tilviljanakennt í lífi Njálts Trausta að hans eigin sögn. Sem dæmi nefnir hann að í Bandaríkjunum hafi hann búið við hliðina á flugherstöð og kynnst svolítið lífinu þar því um fjórðungur samnemenda hans hafi búið í herstöðinni. Einnig að í Faunu, grínbók um stúdenta Menntaskólans í Reykjavík, stáði að hann hafi sagt að NATO væri friðarbandalag. „Einn daginn er ég svo allt í einu orðinn formaður Íslandsdeildar NATO-þingsins,“ segir hann. „Það er margt skondið þegar maður horfir til baka, stundum lítur út fyrir að leiðin hafi verið vörðuð.“

gun@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 30. DESEMBER 1924

Hubble uppgötvar stjörnuþokur

Þennan dag árið 1924 tilkynnti bandaríski stjörnufræðingurinn Edwin Hubble að hann hefði uppgötvað aðrar stjörnuþokur en Vetrarbrautina sem Jörðin okkar er hluti af.

Stjörnuþoka, sem er stundum kölluð vetrarbraut, er þyrping fjölmargra stjarna og annarra stjarnfræðilegra fyrirbæra sem halda stöð og nágreini hvert við annað vegna sameiginlegs þyngdarsviðs stjörnuþokunnar. Dæmigerðar stjörnuþokur geta verið frá þúsundum til hundruða þúsunda ljósára í þvermál.



Edwin Hubble stjörnufræðingur.

Í einni stjörnuþoku er talið að séu um 100-400 milljarðar stjarna, stundum miklu fleiri. Í flestum tilvikum er vegalengdin á milli stjörnuþoka talin í milljörðum ljósára en þó eru til stjörnuþokur sem eru mun nær hver annarri og jafnvel dæmi þess að tvær rekist saman.

Í dag telja menn að í alheiminum séu um 100-400 milljarðar stjörnuþoka. Talið er að svarthol sé í miðju þeirra allra.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Sigurbjörn Hjartarson
rafvirki,

lést á Hrafnistu Nesvöllum í Reykjanesbæ, föstudaginn 20. desember. Útförin fer fram frá

Keflavíkurkirkju föstudaginn 10. janúar kl. 13. Okkar innilegustu þakkir til starfsfólksins á Nesvöllum fyrir frábæra umönnun og hlýju.

Bergljót Hulda Sigurvinsdóttir
Július Sigurbjórsson **Justyna Klósińska**
Hulda Sigurbjórdsdóttir **Guðjón Örn Emilsson**
og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, dóttir, systir, tengdamóðir og amma,

Þórunn Haraldsdóttir

lést sunnudaginn 15. desember. Útförin fer fram í Fríkirkju Reykjavíkur 3. janúar klukkan 15. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.

Edda Tegeder
Edda Tegeder Óskarsdóttir
Ragnar Berg Elvarsson
Haraldur Ingi Shoshan
Ingunn S.U. Kristensen
Mikael Artúr Ingunnarson Shoshan
Haraldur Haraldsson
Sæunn Helena Guðmundsdóttir
Hermann Haraldsson
Brynhildur Jakobsdóttir

BYKO

ÚT SALA LÁ

**Komdu
og gerðu
frábær
kaup!**

til **20
90%**

**afsláttur
af völdum vörum**

- **25-80%** Allur vinnufatnaður, regnfatnaður og kuldafatnaður • **25-80%** Snickers (valdar vörur)
 - **30-50%** Verkfæratöskur og skápar • **30-50%** Topplykklassett • **25-50%** Handverkfæri (valdar vörur)
 - **25-50%** Rafmagnsverkfæri (valdar vörur) • **25-50%** Allir skór • **25-90%** Parket & flísar • **25-60%** Ljós & perur
 - **50%** Jólavara • **40%** Matar- & kaffistell • **40%** Plastbox
 - **40%** myndarammar • **30%** Öryggisvörur
 - **30%** Föndurvörur • **30%** Mottur & dreglar • **30%** Bændavara • **30%** Weber fylgihlutir • **30%** Heimiliströppur
 - **30%** Járnhillur • **30%** Leikföng, spil & púsl
 - **25%** Skil rafmagnsverkfæri • **25%** Loftpressur
 - **25%** Iðnaðarryksugur • **20%** Steypuhrærivélar
- ...og fjöldi stakra vara á frábæru verði

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Auðvelt að versla á netinu á byko.is

TOSTITOS SNAKK Í ÚRVALI



Lífrænir tortilla strimlar

verð frá **749** kr/pk

Tostitos spínat- og ostasósa

verð frá **729** kr/stk



Eat Real
linsu-, kínoa- og hummus snakk

verð frá **259** kr/pk



Camembert frá Frakklandi

verð frá **799** kr/stk



Utvalda sælkera kex

verð frá **179** kr/pk



Óáfengt freyðivín

verð frá **429** kr/stk



Nóa kropp 200 g

399 kr/pk
verð áður 579 kr



Hagkaup ísterta með marengs
og Kahlúa kaffisósu

979 kr/stk

Meira fyrir áramótin



Hagkaups kalkúnaeylling
Tilbúin gæða fylling með beikoni

1.399 kr/pk

Ferskur íslenskur kalkúnn

Trönuberjasósan okkar,
framleidd úr ferskum
trönuberjum

599 kr/stk



SMJÖRSPRAUTAÐ KALKÚNASKIP

Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði
aðalinnanlegur. Þess vegna látum við sérframléiða
smjörspautað kalkúnaskip samkvæmt gæðastöðlum
Hagkaups. Kalkúnaskipið er unnið úr fyrsta flokks hráefni
sem tryggir hámarks gæði.

HAGKAUP
MELIR
MED

Smjörspautað kalkúnaskip

Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á
smjörspautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti
og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er
tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.



KALKÚNABRINGA MED FYLLINGU

Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði
aðalinnanlegur. Þess vegna þóum við sérframléiða
kalkúnabringu með ljúffengi fyllingu samkvæmt
gæðastöðlum Hagkaups. Kalkúnabringan er unnið úr
fyrsta flokks hráefni sem tryggir hámarks gæði.

HAGKAUP
MELIR
MED

Fylltar íslenskar kalkúnabringur

4 gómsætar fyllingar:
Osta, beikon & trönuberja, döðlu og amerísk.

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Reykjavík

 0 | 3
 °C | °C ↑

Ísafjörður

 -4 | 10
 °C | °C ↗

Akureyri

 -1 | 5
 °C | °C ↗

Egilsstaðir

 -3 | 3
 °C | °C ↑

Kirkjubæjarkl

 -2 | 5
 °C | °C ↘

Hveravellir

 -9 | 7
 °C | °C ↑

Norðan 5-13 m/s í kvöld með snjókomu á norðanverðu landinu, en rofar til sunnanlands. Lægir í nótt og fyrramálið, styttr upp og kólnar. Gengur í suðvestan 8-15 síðdegis á morgun með eljum eða slydduéljum á vestanverðu landinu, en léttskýjað austan til. Frost 0 til 6 stig, en frostlaust með suður- og vesturströndinni seinnipartinn.

Þriðjudagur

Reykjavík

 7 | 6
 °C | °C ↑

Ísafjörður

 3 | 13
 °C | °C ↗

Akureyri

 5 | 14
 °C | °C ↑

Egilsstaðir

 4 | 6
 °C | °C ↑

Kirkjubæjarkl

 5 | 6
 °C | °C ↑

Hveravellir

 -2 | 8
 °C | °C ↑

Miðvikudagur

Reykjavík

 2 | 6
 °C | °C ↑

Ísafjörður

 0 | 5
 °C | °C ↑

Akureyri

 -2 | 3
 °C | °C ↑

Egilsstaðir

 1 | 3
 °C | °C ↑

Kirkjubæjarkl

 3 | 5
 °C | °C ↗

Hveravellir

 -3 | 10
 °C | °C ↑

LÉTT

1	6				3
3	2			1	5
7	4	5	9		
	5	1	8	4	
2	1				7
6	3	8		2	1
	9				6
	6	7		8	
		6	4	2	9

MIDLUNGS

2	8				5
	3	6			8
4	6	3	8		1
	9	8	6		
3	4	7	1	5	
1		2		5	
6				2	
	1	5	3	6	4
	4				1

PUNG

3		2			8	4
		6	5		3	2
2			8			
5	3		1			
	1				9	
8	2					1
9	3				5	
7			5			
	2			3	7	9

Krossgáta

LÁRÉTT

1. traðk
5. frostsár
6. stríðni
8. vígt borð
10. skóli
11. áþekkt
12. mest
13. fugl
15. háöldruð
17. glápa

LÓÐRÉTT

1. fótiskör
2. hnappur
3. rödd
4. leikur
7. dyntur
9. heildareign
12. knippi
14. mælti
16. óður

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. traðk, 5. frostsár, 6. stríðni, 8. vígt borð, 10. skóli, 11. áþekkt, 12. mest, 13. fugl, 15. háöldruð, 17. glápa. LÓÐRÉTT: 1. fótiskör, 2. hnappur, 3. rödd, 4. leikur, 7. dyntur, 9. heildareign, 12. knippi, 14. mælti, 16. óður.

Skák Gunnar Björnsson

Bronstein átti leik gegn Mike-anas í Tallin árið 1965.

1....Hxa3!! 0-1. Magnús Carlsen varð í heimsmeistari í atskák og Humpy Koneru varð heimsmeistari kvenna. Í gær hófst HM í hraðskák. Sá norski er efstur eftir fyrri daginn. Kateryna Lagno er efst í kvennaflokki. Lokaátökin hefjast kl. 11 í dag. Upplýsingar um hvernig best sé að fylgjast með má finna á www.skak.is. www.skak.is: Guðmundur Kjartansson Íslandsmeistari í atskák.




Svartur á leik

8	1	5	9	2	6	3	4	7
9	2	4	7	1	3	8	5	6
6	7	3	4	8	5	9	1	2
1	4	6	5	9	7	2	3	8
5	9	7	8	3	2	1	6	4
2	3	8	1	6	4	7	9	5
7	8	9	6	5	1	4	2	3
3	6	1	2	4	8	5	7	9
4	5	2	3	7	9	6	8	1
9	1	4	5	8	6	7	2	3
8	5	7	3	9	2	4	6	1
2	6	3	4	1	7	8	5	9
3	8	1	7	5	4	2	9	6
4	7	2	9	6	1	5	3	8
6	9	5	8	2	3	1	7	4
1	3	8	6	7	5	9	4	2
7	2	6	1	4	9	3	8	5
5	4	9	2	3	8	6	1	7
1	2	9	7	3	4	8	6	5
3	8	6	5	9	1	7	4	2
4	5	7	2	6	8	9	1	3
5	7	1	8	4	6	3	2	9
6	3	8	9	2	7	4	5	1
9	4	2	1	5	3	6	7	8
8	6	5	3	7	2	1	9	4
2	1	4	6	8	9	5	3	7
7	9	3	4	1	5	2	8	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nju reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frøde Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FILMUR

í fyrirtæki og heimahús

NÝTT

SKIPTIR LITUM EFTIR LÝSINGU!

Þessi fallega filma, breytir um lit eftir því hvernig ljósið fellur á glerið.

Úrval af glugga- & glerfilmum

strigaprent@strigaprent.is - 869 5020 - verslunarmiðstöðinni Firði Hf.

Þrekvirki um síld

BÆKUR

Síldarárin 1867-1969

★★★★★

Útgefandi: JPV útgáfa, Forlagið

Fjöldi síðna: 1.152

Ekki veit ég hvað Páll Baldvin Baldvinsson hugsaði þegar hann hófsetta við að setja saman þessa miklu bók sem gerir síldarárunum skil, gagnmerku tímabili í Íslands-sögunni. Mér þykir þó líklegt að ekki hafi hann verið plagaður af verkkvíða því við blasir að það hlaut að hafa legið fyrir að þetta yrði ekki neitt áhlaupaverk. Enda er afraksturinn hátt á tólfta hundrað blaðsíður með miklum texta og fjölda mynda.

Bókin er mikil að vöxtum eins og blaðsíðufjöldinn gefur til kynna, og þung eftir því. Hún hentar því ekki á náttborð né til kvöldlestrar í rúminu, rétt fyrir svefninn. Það gæti beinlínis reynst hættulegt. Nei, þetta er bók til að hafa á viðhafnarstað og draga fram til að glugga í stundarkorn og auða þannig andann.

Páli Baldvin fatast ekki flugið í þessari bók. Hann hefur áður sýnt að viðamikil samantekt á sögulegum staðreyndum afmarkaðs tímabils lætur honum vel. Nægir þar að nefna bókina Stríðsárin 1938-1945, sem kom út fyrir örfáum árum.

Áður en vikið er að efni bókarinnar og efnistöðum er víðeigandi að fjalla um form hennar. Nefnd hefur verið þyngd hennar og umfang, en bókin er vel brotin um. Ýmist tveir



Páll Baldvin Baldvinsson rithöfundur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI


eða þrjú dálkar á síðu og ártöl leiða fram frásögnina. Undir hverju ártali eru svo sögur, mislangar. Myndir eru grátóna og víða eru „kvót“ á síðum sem léttu yfirbragð síðanna. Pappírinn er fremur þunnur og hrár og minnir á dagblaðapappír. Letur er fremur smátt, alla vega í samanburði við stærð bókarinnar, en fyrirsagnir og ártöl stór og afgerandi. Allt ýtir þetta undir þá tilfinningu lesandans að hann hafi dagblað frá gamalli tíð fyrir framan sig. Á því fer vel, það eykur traust hans á frásögnunum. Sé eitthvað út á formið að setja hefði að ósekju mátt fara sparlegar með teiknaðar myndir af síld sem víða er að finna á síðum, ýmist framhluti fiskisins eða aftur. Eða þá í heilu líki. Og stundum fleiri en ein.

Kápa bókarinnar er eftirtektar-

verð. Kjölurinn og inn á spjöldin er skreyttur mynd af síldarroði og áferð hennar minnir á hreistur.

Það er ekki margt út á efnistöku að setja. Sagan er rakin í stuttu máli fram að því tímabili sem tilgreint er í bókartitli, árunum 1867 til 1969. Eins og áður segir er frásögnin leidd áfram af sögum. Höfundur hefur sjálfur sagt að áhugi hans hafi beinst að því að fjalla um þetta tímabil út frá persónulegri reynslu og lífi þess fólks sem vann við síldina, hvort sem það stóð á síldarplaninu að salta síld eða sótti sjóinn að veiða silfur hafsins. Þetta tekst vel, einkum þegar kemur að konum sem koma við sögu og fáir vita lengur að til hafi verið, ef nokkru sinni.

Þetta gerir höfundur með því að segja sögur af þessu fólki, körlum,



konum og börnum. Þær eru vel stílaðar, sumar örstuttar en aðrar lengri. Þetta er prýðilegt form fyrir svona bók, því ekki verða margir sem lesa hana í einum rykk, ef að líkum lætur.

Aftast í bókinni er tilvísanaskrá með yfir eitt þúsund tölusetum vísunum. Þá er viðamikil heimildaskrá þar fyrir aftan. Þetta styður allt þá tilfinningu að sagnfræðilega sé vel að verki staðið og að bókin muni nýtast að því leyti.

Að lestri loknum getur maður vart varist þeirri hugsun að margt í íslenskrari atvinnusögu minni á síldina, sem kom og fór, einkum vegna þess að við kunnum okkur ekki hóf.

Jón Þórisson

NIÐURSTADA: Þrekvirki um merkilegan tíma í Íslandssögunni. Skemmtileg og fróðleg bók sem langan tíma tekur að lesa.



Trompetleikararnir Jóhann og Baldvin leika í Hallgrímskirkju.

FRÉTTABLAÐIÐ SIGTRYGGUR ARI

Hvað?
Hvenær?
Hvar?
Mánudagur

hvar@frettabladid.is

30. DESEMBER 2019


Hvað? Hátiðarhljómar við áramót

Hvenær? 20.00

Hvar? Hallgrímskirkja
Trompetleikararnir Baldvin Oddsson og Jóhann Nardeau og Björn Steinar Sólbergsson, organisti Hallgrímskirkju, flytja glæsileg hátiðarverk frá barokktímanum, meðal annars eftir J.S. Bach (Tökkata og fúga í d-moll), Vivaldi og fleiri. Miðasala á mið.is og í Hallgrímskirkju frá kl. 09.00-17.00.

Við óskum Gullfosskaffi til hamingju með nýju lífrænu 3ja-prepa fráveitu hreinsistöðina

Allt fráveituvatn frá þjónustumiðstöðinni við Gullfoss er nú hreinsað samkvæmt ströngustu kröfum EES og Umhverfisstofnunar.



Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík. Sími 5172220
idnver@idnver.is, www.idnver.is

Stöðin er af gerðinni WPL HiPAF og annar allt að 4000 gestum á dag
Framleiðandi: WPL International í Bretlandi
Seljandi: IDNVER ehf
Ráðgjöf og hönnun lagna og niðursetningar:
VÍÐSJÁ ehf verkfræðistofa



VÍÐSJÁ
VERKFRÆÐISTOFA

Er jeppinn tilbúinn í jólafríð?



Veldu öruggt **TUDOR** start fyrir jeppann í vetur

Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta



SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is



Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flisum

Finndu okkur á facebook

Flisabúðin Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Simaveski.is



Símaveski, heyrnartól, snúror og allt fyrir símann.

Símaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind



SAFNIÐ

» Á frettablaðið.is finnur þú Fréttablaðið í dag og safn eldri blaða.

Lestu Fréttablaðið þegar þér hentar á frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ IS

DAGSKRÁ

Mánudagur

RÚV SJÓNVARP

- 08.00 KrakkaRÚV
- 08.01 Tulipop
- 08.05 Friðþjófur forvitni
- 08.28 Begga og Fress
- 08.41 Bubbi byggir
- 08.52 Alvinn og íkornarnir
- 09.03 Stuðboltarnir
- 09.14 Konráð og Baldur
- 09.27 Hvolpasveitin
- 09.50 Hin hugrakka
- 11.20 Sveppaskrimslíð
- 12.05 Lífsbarátta í náttúrunni - Afrískir villihundar
- 12.55 Lífsbarátta í náttúrunni. Á tókustað - Afrískir villihundar
- 13.05 Norræn jólaveisla Det store nordiske juleshow
- 14.40 Umhverfis jörðina á 80 dögum
- 16.35 Dagur í lífi landans – samantekt
- 17.50 Táknálsfréttir
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Lalli
- 18.08 Minnsti maður í heimi
- 18.09 Simon
- 18.14 Refurinn Pablo
- 18.19 Lettjörn og læmingjarnir
- 18.26 Flugskólinn
- 18.48 Tulipop Berjastrið
- 18.50 Landakort Hin tvítuga Rína Ösp Unnsteinsdóttir hefur ýmislegt fyrir stafni. Hún vinnur í fiski á Grundarfirði þar sem hún býr en draumurinn er að verða leikkona. Á síðasta ári bauðst henni skemmtilegt tækifæri; að talsetja teiknimyndina Punky, sem framleidd er á Írlandi.
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 19.55 Menningin - Annáll
- 20.30 Saga fótboltaþjóðar A Nation's Story Heimildarþáttur um bandaríska kvennalandsliðið í fótbolta, sem fór með sigur af hólmi á heimsmeistaramótinu í Frakklandi sumarið 2019.
- 21.00 Aðferð Modus II Önnur þáttaröð þessara sænsku þátta um afbrotafraeðinginn Inger Johanne Vik. Forseti Bandaríkjanna, Helen Tyler, hverfur meðan á heimsókn hennar til Svíþjóðar stendur og Inger Johanne Vik er fengin til að aðstoða bandarísku alríkislögregluna við rannsókn málsins. Aðalhlutverk: Melinda Kinnaman, Henrik Norlén og Greg Wise. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 21.45 Vesalingarnir Les Misérables
- 23.00 Tár úr steini Kvikmynd eftir Hilmar Oddsson frá 1995 byggð á lífi Jóns Leifs tónskálds á tímum seinni heimsstyrjaldar. Tónskáldið Jón Leifs á bjarta framtíð fyrir sér þegar hann verður ástfanginn af gyðingastúlku Annie Riethof, sem er eftirsóttur píanóleikari.
- 00.50 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

- 09.00 Zurich Classic Útsending frá lokadegi Zurich Classic á PGA-mótaröðinni.
- 14.00 Golfing World Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
- 14.50 QBE Shootout Útsending frá QBE Shootout á PGA-mótaröðinni.
- 18.50 CME Group Tour Championship Útsending frá CME Group Tour Championship á LPGA-mótaröðinni.
- 21.40 Alfred Dunhill Championship Útsending frá Alfred Dunhill Championship á Evrópumótaröðinni.

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 100,5 K100
- FM 102,9 Lindin

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Síminn + Spotify
- 08.00 The Good Place
- 08.20 Man with a Plan
- 08.45 Happy Together
- 09.05 Fam
- 09.30 Superstore
- 09.50 Speechless
- 10.15 Single Parents
- 10.35 Life in Pieces
- 11.00 American Housewife
- 11.20 Will and Grace
- 12.35 Með Loga
- 13.35 Lifum lengur
- 14.10 Ný sýn
- 14.40 Everything,
- 16.15 So Undercover
- 17.45 Helgi Björns - Ammæli í Höllinni
- 20.00 The Vow
- 21.40 Bridget Jones: The Edge of Reason
- 23.25 Gladiator Maximus er valdamikill rómverskur hershöfðingi, sem er elskaður af fólkinu og hinum roska keisara, Markúsi Árelíusi. Fyrir dauða sinn útnefndir keisarinn Maximus sem arftaka sinn og tekur hann þar með fram yfir son sinn Commodus.
- 02.00 The Hunt for Red October
- 04.15 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50 Morgunvaktin
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Segðu mér
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregni
- 10.13 Flugur Íslenskt tónlistarfólk flytur lög eftir Bob Dylan
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Mannlegi þátturinn
- 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.40 Veðurfregni
- 12.50 Dánarfregni
- 12.55 Samfélagið
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Til allra átta Lúðrabýtur héðan og þaðan
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Von Trapp fjölskyldan og Tónaflóð Fyrri þáttur
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Háttalarinn
- 17.00 Fréttir
- 17.03 Lestin
- 18.00 Spegillinn
- 18.30 Krakkavikan
- 18.50 Veðurfregni
- 18.53 Dánarfregni
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.35 Mannlegi þátturinn
- 21.35 Kvöldsgagan: Hús úr húsi
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfregni
- 22.10 Samfélagið
- 23.05 Lestin
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 11.20 A.X.L.
- 13.00 Apple of My Eye
- 14.25 The Mercy
- 16.10 A.X.L.
- 17.50 Apple of My Eye
- 19.15 The Mercy
- 21.00 Wonder Woman
- 23.20 We're the Millers
- 01.10 The Dark Tower
- 02.45 Wonder Woman

STÖÐ 2

- 08.00 Friends
- 08.25 Masterchef USA
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Suits
- 10.05 The Detail
- 10.50 Landnemarnir
- 11.25 Gulli byggir
- 12.05 Eldhúsið hans Eypórs
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 So You Think You Can Dance
- 14.20 So You Think You Can Dance
- 15.50 Bróðir minn ljónshjarta
- 17.38 Bold and the Beautiful
- 18.03 Nágrannar
- 18.28 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Sportpakkinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Krummi klóki Krummi klóki er lífsglaður og fjögur krummi en dálitill galgopi á köflum. Dag einn leiðir glannaakstur hans um skóginn til að hann eður á birgðageymslu með þeim afleiðingum að allar matarbirgðirnar sem dýrin í skóginum höfðu safnað til vetrarins fara forgörðum. Úr vöndu er að ráða en þá fær Krummi þá hugmynd að taka þátt í spennandi skógarkappakstri.
- 20.25 His Dark Materials
- 21.25 Kingsman: The Secret Service
- 23.30 60 Minutes
- 00.15 Boardwalk Empire
- 01.10 Boardwalk Empire
- 02.10 Boardwalk Empire
- 03.05 The Righteous Gemstones Geggjaðir nýir þættir úr smiðju HBO með Danny McBride, John Goodman og Adam Devine í aðalhlutverkum.
- 04.05 The Righteous Gemstones
- 04.35 The Righteous Gemstones

STÖÐ 3

- 19.10 Kevin Can Wait
- 19.35 Modern Family
- 20.00 Friends
- 20.25 Seinfeld
- 20.50 Silicon Valley
- 21.20 Who Do You Think You Are?
- 22.05 The Third Eye
- 22.55 The Hundred
- 23.40 Veep
- 00.25 Kevin Can Wait
- 00.50 Modern Family
- 01.15 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

- 07.55 Huddersfield - Blackburn
- 09.35 NFL Útsending frá leik í NFL.
- 11.55 NFL Útsending frá leik í NFL.
- 14.15 KR - Valur Útsending frá leik 4 í einvígi í undanúrslitum Domino's-deildar kvenna.
- 15.50 Annáll 2019: Olis-deild karla og kvenna
- 17.20 Huddersfield - Blackburn
- 19.00 Football League Show
- 19.30 Ítölsku mörkin Leikirnir í ítölsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
- 20.00 Annáll 2019: Körfubolti karla og kvenna
- 21.30 KR - ÍR Útsending frá oddaleik í úrslitum Domino's-deildar karla.
- 23.35 UFC Now
- 00.25 Derby - Charlton

STÖÐ 2 SPORT 2

- 19.00 HM í pílukasti Bein útsending frá HM í pílukasti.

STÖÐ 2 SPORT 3

- 19.40 Derby - Charlton Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.

*Veislan verður betri.
Saumaklúbburinn verður betri.
Afmælið verður betra.
Fólaböðið verður betra.*



Það verður allt betra með Carr's.



FRÍSA RISKA RÍT ÚD

Allt að

60%

afsláttur



HÚSGAGNA
HÖLLIN

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100



Pórður Pálsson stimplar sig inn á heimsvísu með þáttunum Brot og langar að gera aðra seríu. FRÉTTAÐLAÐIÐ/ERNIR

Tímamót í íslenskri þáttagerðarsögu

Pórður Pálsson fékk hugmyndina að spennuþáttunum Brot eftir útskrift úr kvikmyndaskóla árið 2015. Fjórum árum síðar gerði hann dreifingarsamning við Netflix og þættirnir komnir á RÚV.

S akamálþættirnir Brot eru runnir undan rifjum Þórðar Pálssonar en hugmyndin kviknaði þegar hann var nýútskrifaður úr breskum kvikmynda-skóla árið 2015. Í kjölfarið landaði hann stærsta dreifingarsamningi sem gerður hefur verið um íslenskt efni og felur í sér að Netflix mun hefja sýningar á þáttunum í rúmlega 190 löndum á næsta ári. Þannig að óhætt er að segja að með þessari frumraun sinni hafi Þórður stimplað sig rækilega inn sem ungur og upprennandi leikstjóri.

Ótrúlega heppinn og þakklátur
„Ég kom til Íslands sumarið eftir útskrift og fór á fund hjá framleiðslufyrirtækinu Truenorth og kynnti þeim hugmyndina. Þeim leist vel á þetta og vildu skoða verknið nánar og þá fór boltinn að rúlla,“ segir Þórður og bendir á að í raun sé eina leið nýrra leikstjóra inn í bransann að skapa sér verkefni sjálfir.

Eftir að Þórður fangaði athygli Truenorth fóru fleiri, bæði hér heima og erlendis, að sýna verkefninu áhuga. „Ég hélt að ef ég yrði heppinn myndi ég kannski ná að gera einhverja ódýra, litla íslenska kvikmynd. Það er nógu erfitt,“ heldur Þórður áfram.

„Maður sér að fólk er í basli hér heima að koma sér á framfæri og meirihluti listamanna á sjálfstæðu senunni er að fjármagna eigin verkni. Það er alltaf erfiðast að fá fólk til að trú á þig.“

Ég var bara ótrúlega heppinn að Kristinn Þórðarson og Davíð Óskar Ólafsson höfðu trú á mér. Ég mun alltaf vera ótrúlega þakklátur þeim fyrir að segja já við nýútskrifadan leikstjóra sem var bara búinn að

VIÐ ERUM ÞEGAR MED HUGMYNDIR FYRIR SERÍU TVÖ. MIG LANGAR HELST AÐ HEFJA STRAX TÖKUR Á ANNARRI SERÍU, ÞÓTT EKKI VÆRI TIL ANNARS EN AÐ HITTA ÞETTA FÓLK AFTUR.

gera stuttmyndir,“ segir Þórður sem er mikið kvikmyndanörd og hefur einlægán áhuga á leikurum og kvikmyndasöggunni.

„Maður þarf að vera læs og fylgjust með nánast öllu sem er í gangi í kvikmyndaheiminum til þess að geta sagt góða sögu sem hrifur nútíma áhorfendur. Ég vil alltaf bæta mig og horfi því oft á þær myndir sem ég elska og les svo handritið. Þannig næ ég að sjá saumana á sögunni og hvernig lokaverkið endar oft óðrúvilega í upphaflega stöð til í handritinu,“ segir Þórður.

Brotnar manneskjur og lög
En hvaðan kemur titillinn Brot? Er þetta eintala eða fleirtala?

„Við erum að leika okkur með margræðni. Þættirnir fjalla um Kötu og Arnar sem eru að rannsaka fyrsta íslenska raðmörðingjann. Titillinn vísar í lögbrotin en einnig í persónurnar sem eru að vissu leyti brotnar. Nafnið getur lifað áfram í fleiri þáttaröðum enda viljum við halda þeim möguleika opnum að þróa söguna áfram. Við erum þegar með hugmyndir fyrir seríu tvö.“

En hvernig var það fyrir ungan

leikstjóra að leikstýra svona þaulreyndum íslenskum leikurum eins og Nínu Dögg Filippusdóttur og Birni Thors?

„Æðislegt,“ svarar Þórður án þess að hika og bætir við: „Það er eitt að skrifa handrit með handritshöfundum og það er allt annað þegar bestu og reyndustu leikarar Íslands gefa því líf. Við vorum alltaf að velja upp spurningum um handritið á tókustað og þróuðum textann áfram svo hann hentaði hverri persónu og aðstæðum.“

Allir leikararnir gáfu ótrúlega mikið í þetta og höfðu mikla trú á verkefninu. Mig langar helst til að áhorfendum þyki vænt um Kötu og Arnar í lokin og sakni þeirra þegar allt er búið,“ segir Þórður og leggur áherslu á að hjarta frásagnarinnar slái með persónunum þótt fléttan skipti auðvitað alltaf miklu máli í alvöru reyfum.

Erfitt að kveðja

Þórður segist hafa fundið fyrir mikilli depurð þegar tókum lauk. „Það var erfitt að kveðja því ég var búinn að vinna með þessu fólki í heilt ár; tókur stóðu frá nóvember til maí og þar á undan var mikil undirbúningsvinna. Svo þegar þetta klárast huga allir að næsta verkefni og maður hittir þetta fólk ekki aftur fyrr en á frumsýningu. Það er mjög skrytín upplifun. Mig langar helst til að hefja strax tókur á annarri seríu, þótt ekki væri til annars en að hitta þetta fólk aftur,“ segir Þórður og hlær. ingunnlara@frettabladid.is

FRÉTTAÐLAÐIÐ

Meira á frettabladid.is

TÚNFISKUR



HUMAR

NÓG TIL



HUMARSÚPA



KANADÍSKUR HUMAR

OPIÐ

MÁNUDAG

9-18

GAMLÁRSDAG

9-13



Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • Höfðabakka 1 • Sími 555 2800



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



259 kr./2 l

Sprite eða Sprite Zero
2 lítrar



798 kr./1,5 l

Magnum Eplacider
1,5 lítrar



259 kr./stk.

Voga ídýfur
175 g, 4 teg.



259 kr./2 l

Schweppes Tonic
2 lítrar



379 kr./pk.

Britvic Tonic
4 x 200 ml



98 kr./pk.

Dream Glow
Margar tegundir

198 kr./pk.

Dream Glow
Margar tegundir

Partýbombur
2 stk. í pakka



298 kr./pk.

Partý Innibombur
2 stk. í pakka



Brunatími allt að
36 klst.

139 kr./stk.

Hansa Leiðiskerti
með loki

ÍSLENSK
framleiðsla



298 kr./stk.

Bjarg Útikerti
Íslenskt



Brunatími allt að
10 klst.

479 kr./stk.

Hansa Útikerti
Stórt



Wellington

Innbökuð íslensk nautalund

Opnunartími

30. des.	10:00-20:00	Mánudagur
31. des.	10:00-15:00	Gamlársdagur
1. jan.	Lokað	Nýársdagur

Opnum aftur fimmtudaginn 2. jan. kl. 11:00 og kl. 10:00 í Smáratorgi og Skeifunni

Nýtt í Bónus



Aðeins

5.998 kr./kg.

Íslandsnaut Wellington Nautalund
Íslensk, frosin

ÍSLENSKUR Holda Kalkúnn



ÍSLENSK framleiðsla

1.598 kr./kg

Holda Kalkúnn
Íslenskur, frosinn

Ferskur
VEISLUFUGL
með fyllingu



1.098 kr./kg

Veislufugl
Með fyllingu, ferskur

ÍSLENSKT
Lambakjöt



1.498 kr./kg

ÍL lambalæri
Ferskt



BAKÞANKAR

Láru G.
Sigurðardóttur



Gaman

Sem lítill drengur ákvað ég að hafa gaman af lífinu og hef haft það að leiðarljósi, svaraði kunningi minn þegar ég spurði hvernig hann færi að því að koma svo miklu í verk af mikilli yfirvegun.

Er þetta svona einfalt? Getum við hreinlega ákveðið að hafa gaman – bara sí svona?

Svo hnaut ég um orðið gaman (我慢) í bók sem ég er að lesa en það ku vera dygð sem Japanir lifa eftir. Frá unga aldri kenna foreldrar börnum sínum gaman, sem er að tileinka sér hæfni til að komast í gegnum erfiðleika með því að vera róleg, þolinmód og óbugandi. Til dæmis ef barn kvartar eða er svangt þá svarar foreldri barninu, „gaman“. Og Japanir gera ekki aðstæður verri með því að upphelja harmleik, heldur einblína á að gera meira af því sem lætur þeim líða vel.

Á okkar máli má heimfæra gaman að einhverju leyti á seiglu, sem er oft líkt við gorm. Við getum togað hann og pressað en þegar álaginu sleppir fer hann fljótt í fyrra horf. Við getum þjálfað okkur í að vera eins og gormur. Ameríska sálfræðifélagið ráðleggur okkur m.a. að styrkja tengsl við fólk sem er annt um okkur og bjóða öðrum hjálpi okkar. Að líta á þjáningar sem verkefni en ekki óyfirstíganleg vandamál. Að hlúa að eigin þörfum: slaka á, hreyfa sig og gera það sem þér þykir gaman. Til mikils er að vinna. Seigla er dýrmætt tól, því þegar okkur skortir hana verður streita okkur ofviða. Við hættum að hafa gaman.

Gaman getur orðið að vana. Með því að endurtaka þætti sem auka seiglu hleypum við gamni inn í líf okkar. Og þegar við tökum lífinu með ró þá skapast meira pláss til að hafa gaman af lífinu.

Ég óska öllum landsmönnum friðar og megi gaman fylgja ykkur inn í nýjan áratug.

Jibbí

Barnaefni á íslensku á Nova TV! 890 kr./mán.

Prófaðu
frítt í
7 daga!



Segðu bless við myndlykilinn og hæ við Jibbí!

Nova TV er ókeypis sjónvarpsveita á netinu þar sem þú finnur allar helstu sjónvarpsstöðvar á Íslandi auk spennandi áskriftaleiða!

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

Verlanir Nova eru í Krínglunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

FRÍTT KAFFI
Í DESEMBER



Kvikk
ON THE GO

